

Séra Skírnir í klemmu

Innlent 2

Séra Skírnir Garðarsson hefur í tvígang lent í vanda vegna bakvarðarins Önnu Auroru. Hann missti embætti sitt við Lágafellskirkju og er nú í ónáð hjá biskupi.



„Þetta er algjört brjálæði“

Innlent 4

Íbúar í miðbæ Kópavogs saka bæjaryfirvöld um að flýta byggingu háhýsa af annarlegum ástæðum en bæjarstjórinn vísar því á bug.



Svikin eftir snjóflóðin

Úttekt 6

Atvinnulíf á Flateyri er enn lamað eftir hamfarirnar. Íbúar fá ekki bætur vegna tjónsins og eru reiðir og sárir.



Baráttan ekki búin

Viðtal 10

Heilbrigðisráðherra leggur ríka áherslu á að baráttunni við kórónuveiruna sé hvergi nærri lokið. „Svo lengi sem þessi veira er á kreiki er þetta ekki búið.“

14. TÖLUBLAÐ 4. ÁRGANGUR FÖSTUDAGURINN 17. ÁPRÍL 2020

MANNLÍF

VIÐTALIÐ

Andrea Björk Sigurvinsdóttir

Hrakin úr slökkviliðinu

Andrea Björk Sigurvinsdóttir var eina konan í Slökkviliði Fjarðabyggðar á árunum 2017–2018.

Hún lýsir endalausu áreiti og lítilsvirðingu frá samstarfsmönnum sínum. Að lokum bugaðist hún, var send í veikindaleyfi og hefur verið óvinnufær síðan. Hún krefur nú sveitarfélagið um miskabætur eftir að rannsókn óháðra aðila leiddi í ljós að stjórnendur slökkviliðsins og sveitarfélagsins hefðu brugðist henni.



Bakvörðurinn breytti um nafn

Texti / Reynir Traustason og Trausti Hafsteinsson



Anna Aurora Waage Óskarsdóttir, bakvörðurinn frægi, hefur ekki alltaf gengið undir því nafni heldur er hér um að ræða aðra ef ekki þriðju útgáfu af nafni hennar. Á árunum 2011-2013 virðist hún hafa gengið undir nafninu Anna Jóna og fyrir því liggja heimildir í fjölmiðlum. Fyrir þann tíma birtist einnig í fjölmiðlum nafnið Natalie Ninja Óskarsdóttir um leið og nafn sambýlismanns og barnsföður Önnu Auroru, Hreins Heiðars Oddssonar.

Bakvörðurinn skaust upp á stjörnuhimininn hér á landi fyrir viku síðan er hún var handtekin vegna ásakana um að hafa villt á sér heimildir og meintan þjófnað sem bakvörður á Hjúkrunarheimilinu Bergi í Bolungarvík en þar hafði hún starfað í viku. Í einkaviðtali við Mannlíf daginn eftir sagðist hún hafa ráðið sér lögmann til að stefna Gylfa Ólafssyni, forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, og lögreglustjóranum á Vestfjörðum. Stefna hefur ekki borist lögreglustjóranum, að sögn Karls Inga Vilbergssonar, lögreglustjóra á Vestfjörðum, og hann staðfesti jafnframt að engin lyf hefðu fundist við húsleit í vistarverum bakvarðarins. Alma Möller landlæknir upplýsti á fréttamannafundi að bakvörðurinn hefði ekki réttindi til starfa og engin umsókn um starfsréttindi lægi fyrir.

Fjölhæfur bakvörður

Fyrir utan að hafa setið um tíma sem stjórnarmaður Framsóknarfélags Mosfellsbæjar á Anna lögmannstofuna Aurora Nordic sf. ásamt sambýlismanni sínum. Í vetur hefur hún sinnt kennslustörfum í grunnskóla og fékk til þess undanþágu frá menntamálaráðuneytinu.

Aðstoðarskólastjóri segir Önnu Auroru hafa reynst vel í starfi og yfir henni sé ekkert að kvarta.

DV hefur einnig greint frá því að Anna Aurora hafi reynt að villa á sér heimildir sem réttarmeinafræðingur og hafi borið fyrir sig doktorsgráðu í þeim fræðum. Sami fjölmiðill hefur einnig bent á hlutverk Önnu Auroru sem formanns Samtaka foreldra leikskólabarna frá árinu 2013 en þá gekk hún einmitt undir nafninu Anna Jóna.

Meint fjársvik

Fjölmiðlar hafa greint frá því að Anna Aurora sé til rannsóknar hjá lögreglu vegna annars máls, þ.e. meintra fjársvika. Í því máli er henni líka gefið að sök að hafa villt á sér heimildir með því að þykjast vera lögmaður. Á hún að hafa framvísað meistaragráðu frá erlendum háskóla sem sýni það.

Samkvæmt fyrirtækjaskrá á Anna Aurora helmingshlut í lögmannsstofu á móti sambýlismanni sínum, Hreini Heiðari. Þar kemur fram að fyrirtækið veiti meðal annars skattaráðgjöf, lögfræðiþjónustu og viðskiptaráðgjöf ásamt heimild til sölu bifreiða.

Málið í hnotskurn

Bakvörður handtekinn í Bolungarvík

Anna Aurora Waage Óskarsdóttir var handtekin fyrir viku vegna ásakana um að hafa villt á sér heimildir og meintan lyfjaþjófnað sem bakvörður á Hjúkrunarheimilinu Bergi í Bolungarvík en þar hafði hún starfað í viku. Eftir yfirheyrslur og leit í vistarverum hennar var Önnu sleppt úr haldi. Lögregla hefur staðfest að engin lyf fundust í fórum hennar og nú miðast rannsókn lögreglu að því að sannreyna hvort þau gögn sem bakvörðurinn framvísaði séu sönn.

Í einkaviðtali við Mannlíf sagðist Anna vera saklaus. „Ég lýsi algjörlega yfir sakleysi mínu. Það er bara verið að reyna koma á mig einhverri sök og drulla yfir mig," sagði Anna . Aðspurð um líðanina eftir handtökuna sagðist hún í algjöru sjokki. „Mér var mjög brugðið og hef bara aldrei lent í svona. Ég hef alltaf verið með hreina sakaskrá og aldrei verið handtekin. Þarna var ég meðhöndluð eins og stórglæpamaður. Þeir voru ekki með neitt á mig enda bauðst ég til að gangast undir öll próf. Ég hef ekkert að fela."



Texti / Reynir Traustason og Trausti Hafsteinsson Mynd / Kristinn Magnússon / Stundin



Biskup gegn presti

***Séra Skírnir Garðarsson** hefur í tvígang lent í vanda vegna bakvarðarins Önnu Auroru. Hann missti embætti sitt við Lágafellskirkju og er nú í ónáð hjá biskupi.*

Bakvörðurinn réttindalausi, Anna Aurora Óskarsdóttir, hefur reynst séra Skírni Garðarssyni skeinuhætt. Þegar Skírnir þjónaði sem prestur við Lágafellskirkju í Mosfellsbæ sótti Anna um styrk úr neyðarsjóði kirkjunnar. Presturinn grunaði hana um græsku og að hafa ekki þörf fyrir hjálp. Hann hafði samband við félagsmálastjóra Mosfellsbæjar til að spyrjast fyrir um konuna. Þau samskipti urðu til þess að Anna kærði séra Skírni og Mosfellsbæ til Persónuverndar fyrir að rjúfa við sig trúnað. Atburðarásin eftir það varð reyfarakennd. Biskupsstofa fékk afrit af tölvupóstum prestsins frá formanni sóknarnefndar, án hans vitundar. Séra Skírnir kærði innbrotið í pósthólf sitt til Persónuverndar sem úrskurðaði að umboðsmenn Þjóðkirkjunnar hefðu brotið gegn prestinum. Málið varð til þess að Agnes Sigurðardóttir biskup hrakti hann úr embætti í Lágafellssókn. „Ég var sviptur embætti sem ég hafði virkilega ánægju af því að þjóna," sagði Skírnir í samtali við Stundina í janúar 2017.

> *Ég var sviptur embætti sem ég hafði virkilega ánægju af því að þjóna.*

Afleiðingar þessa máls voru þær að Skírnir hefur síðan verið í afleysingum sem prestur. Nú gegnir hann stöðu sem héraðsprestur á Suðurlandi. Þjóðkirkjan hefur enn ekki greitt prestinum bætur vegna brotsins eða rétt hlut hans að neinu leyti. Allt frá því kirkjan braut gegn prestinum hefur verið reynt að fá lausn í málinu, en árangurs.

Sakaður um trúnaðarbrot

Nú er staðan sú að biskup er öðru sinni með á sínu borði mál sem snýr að séra Skírni. Að þessu sinni er hann sakaður um trúnaðarbrot eftir að hann lét í ljósi áhyggjur þegar hann uppgötvaði að Anna, með sína fortíð, væri í hópi bakvarða í Bolungarvík, vestur á fjörðum. Skírnir lét Gylfa Ólafsson, framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, vita um konuna sem hann taldi víst að væri undir fölsku flaggi. Anna Aurora var handtekin í framhaldinu. Þá kom á daginn að hún hafði ekki réttindi til að sinna þeim störfum sem hún hafði gefið kost á sér til.

Kirkjan í klemmu

Agnes Sigurðardóttir biskup sagði í samtali við Ríkisútvarpið 13. apríl að svo virtist sem séra Skírnir hefði rofið þagnarskyldu. Biskup sagði þá að yfirlýsingar um málið væri að vænta á næstunni. Heimildir Mannlífs herma að fundað hafi verið um mál Skírnis undanfarna daga. Séra Skírnir vildi ekkert láta hafa eftir sér um málið og Agnes Sigurðardóttir biskup lét ekki ná í sig, þrátt fyrir skilaboð. Þegar Mannlíf fór í prentun var því ekki ljóst hvað biskup hyggst fyrir og hvort séra Skírnir fái áminningu eða verði jafnvel rekinn. Víst er að kirkjan er í klípu ekki síður en presturinn vegna málsins.

Meðal sjónarmiða í málinu eru þau að Anna Aurora hafi sjálf aflétt trúnaði þegar hún kærði til Persónuverndar og varð þar með opinber.



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.

BIRTÍNGUR EHF
Útgáfufélag - Síðumúla 28, 108 Reykjavík S: 515 5500

Lumar þú á frétt?
Sendu ábendingu á ritstjórn@birtingur.is

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Halldór Kristmannsson - **Framkvæmdastjóri:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir - **Útgáfustjóri Mannlífs:** Roald Viðar Eyvindsson - **Ritstjóri Mannlífs:** Reynir Traustason - **Ritstjórar tímarita:** Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir, Steingerður Steinarsdóttir - **Blaðamenn:** Ragna Gestsdóttir, Friðrika Benónýsdóttir, Guðný Hrönn, Trausti Hafsteinsson - **Umbrot og hönnun:** Ivan Burkni - **Forsíða:** Auðunn Níelsson - **Auglýsingar:** auglysingar@birtingur.is - **Prentun:** Landsprent - **Dreifing:** Póstdreifing

VÍTAMÍN



MARÍA FINNBOGADÓTTIR
LANDSLIÐSKONA Á SKÍÐUM

PRÓTEIN

KALK

JOÐ

B+D VÍTAMÍN



MJÓLKIN GEFUR STYRK

Öll sækjum við styrk í það sem byggir okkur upp og heldur með okkur alla leið. Mjólk er mikilvæg uppspretta lífsnauðsynlegra vítamína og steinefna sem öll gegna mikilvægum hlutverkum í líkamanum. **Þú sérð hvernig mjólkin styrkir þig á mjolk.is**

Háhýsi rísa í skjóli kórónuveirunnar

Íbúar í miðbæ Kópavogs saka bæjaryfirvöld um að flýta byggingu háhýsa af annarlegum ástæðum en bæjarstjórinn vísar því á bug.

Texti / Trausti Hafsteinsson

Vegna samkomubannsins sem nú gildir fá íbúarnir ekki að koma saman til að ráða ráðum sínum vegna fyrirhugaðrar byggingar háhýsa við Fannborg á svokölluðum Traðarreit. Undanþágu þess efnis að halda mætti íbúafund var hafnað af heilbrigðisráðuneytinu. Í kjölfarið fóru íbúarnir fram á það við sveitarfélagið að andmælafresturinn sem gildir til 29. apríl næstkomandi yrði lengdur þangað til hægt væri að halda íbúafund. Þeirri beiðni var einnig hafnað. Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir að farið hafi verið eftir settum reglum og hann hafnar alfarið þeim sögusögnum að hann fari að láta af störfum sem bæjarstjóri.

Algjört brjálæði

„Það á hreinlega að valta yfir okkur íbúana í offorsi í skjóli farsóttar og samkomubanns," segir Jón Gestur Sveinbjörnsson, stjórnarmaður húsfélagins að Fannborg 1–9, sem barist hefur fyrir því að íbúafundur fáist haldinn vegna málsins. Hann bendir á að margir íbúanna á svæðinu séu eldri borgarar sem erfitt eigi með fjarfundi. „Það eru rosalega margir ósáttir. Það er verið að taka af okkur næstum öll bílastæði sem við höfum, þar með talið stæði eldri borgaranna við Gjábakka. Nú á að byggja margra hæða hús gjörsamlega ofan í okkur. Þetta er algjört brjálæði og að baki þessu hljóta að liggja einhverjar annarlegar ástæður, að vera að keyra þetta svona í gegn núna á meðan við erum öll læst inni," segir Jón Gestur.



Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri.



Fjölmörg háhýsi munu rísa í miðbæ Kópavogs gangi áætlanir eftir. Íbúar í hverfinu heimta lengri tíma til andmæla.

Skilur ekki lætin

Stofnaður hefur verið félagsskapur, Vinir Hamraborgar, til að berjast gegn áformum Kópavogsbæjar og segir Jón Gestur fáa sem enga íbúa hverfisins kannast við auglýsingu á þessu skipulagi. „Það kannast bara enginn við að þetta hafi verið auglýst og nýlega var svo haldinn kynningarfundur sem streymt var til íbúanna. Sá fundur virðist vera eini andmælaréttur okkar og margir íbúanna hafa enga hugmynd um hvernig þetta virkar. Það er verið að fresta mjög mörgu út um allan heim en þessu er sko ekki hægt að fresta. Við skiljum ekki þennan flýti."

Furðar sig á gagnrýninni

Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri furðar sig á gagnrýninni og segist hafa farið eftir settum reglum og rúmlega það. Hann telur bæjaryfirvöld hafa kynnt málið nægjanlega vel. „Við höfum gert gott betur en það. Við erum að reyna okkar besta.

Þetta er allt saman aðgengilegt á vefnum okkar og ég held að enginn geti sagst ekki hafa fengið þessar upplýsingar. Við höfum haldið opin hús, vinnustofur og kynningarfund," segir Ármann. „Það kemur mér á óvart að fólk hafi ekki vitað um þetta."

Hefur engra hagsmuna að gæta

Ármann segir það ekki í hans höndum að fresta andmælaréttinum, eins og óskað hefur verið eftir. Hann útilokar það alfarið að eiga sjálfur einhverra hagsmuna að gæta í því að skipulagið náist í gegn. „Ég er ekki í þeirri stöðu að tjá mig um frestun andmælaréttarins.

Þetta mál hefur verið lengi í vinnslu og við erum ekki að reyna að flýta því að koma því í gegn. Ég hef akkúrat engra persónulegra hagsmuna að gæta í því," segir Ármann og blæs á þær sögusagnir að ósætti sé innan bæjarstjórnarinnar.

Hann vísar því einnig á bug að hann sé á útleið sem bæjarstjóri. „Ég skil hvorki upp né niður í þeim fréttaflutningi. Það er nákvæmlega ekkert til í þessu. Það gengur allt mjög vel í Kópavogi og það hefur aldrei hvarflað að mér að hætta. Ég er ekki á leiðinni út."



Texti / Trausti Hafsteinsson

Aldrei kynnst annarri eins framkomu

■ Benjamín Magnússon arkitekt er lítt hrifinn af vinnubrögðum Kópavogsbæjar og krefst þess að skipulagshugmyndirnar verði dregnar til baka. Sjálfur segist hann hafa fengið tvo og hálfan dag til að koma með athugasemdir vegna hugmyndanna en hann vann að gerð núgildandi skipulags miðbæjarins á sínum tíma.

„Á 52 ára starfsferli mínum hef ég aldrei kynnst annarri eins framkomu, jafnmiklum hroka, yfirlæti og skorti á samráðsvilja. Ég mótmæli harðlega þessum vinnubrögðum. Sem eigandi og hagsmunaaðili og aðalhöfundur að núgildandi skipulagi miðbæjar Kópavogs ætti mér að vera tilkynnt persónulega um svo viðamiklar breytingar á skipulaginu," segir Benjamín og bætir því við að augljóst sé að bæjarfulltrúar hafi engan áhuga á mótmælum. Það hafi berlega komið í ljós á fjarfundinum þar sem kynning fór fram. „Ég uppskar frammíköll og upphrópanir frá nokkrum fulltrúum bæjarins og gafst því upp. Mér ofbýður þéttleiki þessa skipulags, græðgin sem í því felst og skeytingarleysið í garð þeirra sem fyrir eru á svæðinu. Það kann að vera erfitt fyrir marga þeirra að taka þátt í fjarfundum. Furðu vekur ef ekki á að halda almennan opinn borgarafund um þetta stóra mál. Hér er valtað yfir alla hagsmunaaðila og sýnd yfirgengileg græðgi og tillitsleysi. Sú spurning vaknar óhjákvæmilega hvort afgreiða eigi málið í skjóli samkomubanns á tímum Covid-19." Benjamín telur framsetningu bæjaryfirvalda villandi og er sannfærður um að margir íbúar muni leita réttar síns. „Ljóst er að byggingar verða í ævarandi skugga af þessum fyrirhuguðu byggingum. Nýtingarhlutfallið er sennilega það mesta sem gerist á höfuðborgarsvæðinu."

Orðrómur

rt@birtingur.is

Auðkona vill aur



Auðkonan **Guðbjörg Matthíasdóttir** kann sitt fag. Hún ræður yfir gríðarlegu viðskiptaveldi með Ísfélagið í Vestmannaeyjum sem miðpunkt. Guðbjörg náði með undraverðum hætti að selja milljarðahlut í **Glitni** áður en bankinn féll í hruninu. Undanfarin ár hefur hún verið bakhjarl **Morgunblaðsins** og aðaleigandi **Árvakurs** og ekki sparað aurinn. Milljarðar hafa streymt úr sjóðum hennar til útgáfufélagsins. En nú virðist hafa harðnað í ári hjá Guðbjörgu sem krafði ríkið um fjóra milljarða króna fyrir dómstólum vegna þess að ríkið hafi hlunnfarið fyrirtæki hennar varðandi makrílkvóta. Hún hrökk svo til baka vegna fordæmingar samfélagsins á frekjunni.

Þingmaður iðrast



Í Vestmannaeyjum geisar nú stríð þar sem **Sindri Ólafson**, ritstjóri Eyjafrétta, tekst á við **Pál Magnússon** alþingismann sem sagði upp blaðinu vegna þess að það birti ekki hvatningarorð **Írisar Róbertsdóttur**, vinsæls bæjarstjóra, sem vildi stappa stálinu í sveitunga sína í miðjum kórónuveirufaraldri. Páll þingmaður iðraðist seinna uppsagnarinnar á blaðinu og bað um að verða endurskráður. Hermt er að viðsnúningur



þingmannsins muni ekki hjálpa honum þegar dregur að kosningum.

Gylfi og bakvörðurinn



Gylfi Ólafsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, þykir hafa staðið sig vel í baráttunni við kórónuveiruna sem hefur lagst þungt á Vestfirðinga. Gylfi sýndi ákveðna leynilögregluhæfileika þegar hann uppgötvaði að bakvörðurinn **Anna Aurora Óskarsdóttir** hafði ekki réttindi til þess að annast störf sem hjúkrunarfræðingur. Gylfi komst á blað þjóðarinnar þegar hann brilleraði í spurningakeppninni Útsvari fyrir hönd Ísfirðinga. Móðir Gylfa er **Áslaug Alfreðsdóttir**, fyrrverandi



hótelstjóri, og afi hans þar með **Alfreð Elíasson**, einn stofnenda Loftleiða.

Þingmaður á skjön



Ágúst Ólafur Ágústsson, alþingismaður Samfylkingar, hefur farið pólitískum einförum undanfarið og á skjön við flesta. Hann hefur áréttað, fyrir daufum eyrum oftast, að áhrif kórónuveirunnar væru miklu alvarlegri en ríkisstjórnin gerði sér grein fyrir. Nýjasta útspil þingmannsins er að hann vill margfalda kostnað ríkisins við **listamannalaun**. Svo virðist sem hann geri sér illa grein fyrir því að nú er tími aðhalds að renna upp og ekki annað í boði en að reyna sem best að halda fólki og fyrirtækjum á floti fjárhagslega.

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM,
SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

LUR.IS

Dönsk gæði





Danskt handverk
síðan 1939

Öll sæti og bak stillanlegt



RICCARDO rafstillanlegur tungusófi



Brunstad
hvíldarstóll

Öll sæti stillanleg



ISABELLA hægindasófi.
Sjá nánar á lur.is



Stillanleg rúm



Svefnsófar í miklu úrvali.

Margar stærðir







SITTING VISION
hvíldarstólar



Öll sæti stillanleg

ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is



Stillanlegur höfuðpúði

GRACE hægindastóll



ORACOL tungusófi



JACOB stóll frá Calia Italia

RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORÐ • SÆNGUR



VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

Úttekt
FLATEYRI

SVIKIN LOFORÐ EFTIR SNJÓFLÓÐIÐ

Þremur mánuðum eftir að snjóflóðin féllu á Flateyri í vetur hefur lítið gerst í þeim efnum að bæta tjónið. Reiði er meðal íbúa vegna slælegra vinnubragða þeirra er að málinu koma.

Texti / Guðmundur Sigurðsson Myndir / Guðmundur Sigurðsson og Eyþór Jóvinsson

Hús sem talið var standa á öruggum stað í skjóli varnargarða varð fyrir öðru flóðinu. Björgunarsveitafólk gróf þar stúlku upp úr flóðinu og þótti mildi að ekki fór verr. Auk þessa ollu flóðin umtalsverðum skemmdum á munum, stórum sem smáum. Eyðileggingin varð mikil. Fyrir utan að bátar þorpsbúa urðu allir fyrir tjóni eyðilögðust bílar, hús og margt fleira. Ljóst er af samtölum við fólk á Flateyri að eyðileggingin er mun meiri en ráða hafði mátt af fréttum eftir að flóðin féllu. Skilningur þeirra Flateyringa sem Mannlíf hefur rætt við er að ráðherrar, þingmenn og yfirmenn Ísafjarðarbæjar hafi verið sammála um að allt tjón yrði bætt og ráðist í að tryggja betur öryggi íbúa þorpsins vegna þeirrar náttúruvár sem af snjóflóðum stafar.



Ótryggður bátur

Einn þeirra er varð fyrir tjóni er Sigurður H. Garðarsson, skipstjóri og útgerðarmaður. Bátur hans, Orri, varð fyrir flóðinu og sökk. Hann segir allar yfirlýsingar ráðamanna um að fólk á Flateyri þyrfti ekki að líða fyrir áhrif flóðsins ómarktækar, ekki orð að marka tal þeirra.

Vélbáturinn Orri varð fyrir flóðinu og var ótryggður. Sigurður sagðist ekki hafa reiknað með snjóflóði þar sem báturinn lá í höfn. Ekki hefði þurft að tryggja bát í höfninni vegna neins annars, enda hefði báturinn verið í viðgerð og endurnýjun. Báturinn er sameign Sigurðar og Tómasar sonar hans. Nú er allt það unnið fyrir gíg, Sigurður og Tómas hafa síðustu tvö ár verið að vinna við að gera upp bátinn og nú er allt það starf fyrir róða.

Við þessir gömlu Flateyringar munum væntanlega pakka saman í sumar og leita eitthvað annað.

Loforð og svik

„Strax í kjölfar flóðsins hafði hafnarstjórinn samband við mig og tjáði mér að ég þyrfti ekki að hafa áhyggjur af bátnum því það væri almannavarnaaðgerð að ná honum á flot. Hann endurtók þetta nokkrum sinnum við mig, næstu tvo mánuði á eftir. Svo tók hann að hóta mér að ef ég tæki ekki bátinn myndi höfnin gera það á minn kostnað og sýndi mér eitthvert blað um hvað það myndi kosta. Ég átti að rífa upp úr galtómum vasanum fjölda milljóna fyrir þessu," segir Sigurður.

Hann greip loks til sinna ráða til að ná bátnum upp. Það tókst fyrir miklu minni peninga en hafnarstjórinn hafði áætlað.

„Ég veit ekki hver ætlaði að hafa þetta fyrir fjáröflun en eftir að mesti ísinn var farinn úr höfninni beið ég eftir stórstreymi. Ég fékk lánaðar tvær dælur og við feðgarnir eyddum líklega um fimm klukkustundum í að koma bátnum á flot. Það var ekki slæmt tímakaup. Svona framkoma er auðvitað bara ofbeldi af hálfu bæjarins í garð fólks sem er í basli með að vinna úr því mikla tjóni sem flóðin ollu," segir hann.

Kvótinn sendur annað

Sigurður segir ekki víst að snjóflóðin marki endilega endalok útgerðar á Flateyri. Áður hafði Byggðastofnun flutt allan kvóta sem þeir útdeila og var eyrnamerktur Flateyri burt.

„Sá kvóti fór allur í Súgandafjörð, það var talið atvinnulífi á Flateyri fyrir bestu. Þegar allt er talið sem tengist aðgerð þessara háu herra gætum við verið að tala um að aflaheimildir upp

Geir Magnússon veitingamaður

Tryggingafélagið svarar engu



Geir Magnússon.

„Heilu fyrirtækin þurrkuðust út í þessu flóði og það verður að bæta."

■ Einhverjir bílar sem skemmdust í flóðinu voru kaskótryggðir og því bættir en bifreiðar sem ekki voru kaskótryggðar liggja óbættar hjá garði. Einn þeirra sem tapaði bifreið í flóðinu var Geir Magnússon einn af eigendum Vagnsins, einnar þekktustu sveitakrár landsins.

„Þetta var aðeins skrítið, klukkutíma áður en flóðið féll bað snjómokstursmaðurinn hjá bænum um að bílinn minn yrði færður svo hann kæmist betur að. Svo kom flóðið og jeppinn fannst inn í einhverjum garði þarna fyrir neðan, alveg handónýtur.

Ég lét reyna á loforð ráðamanna um að allt yrði bætt en þau reyndust innihaldsrýr. Það kom einhver maður frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands vestur og ég spurði hann um málið en hann vissi ekkert um það.

Ég hafði samband við tryggingafélagið mitt en hef engin svör fengið. Kannski skiptir þetta mig ekki öllu máli, jeppinn var orðinn gamall og ekki miklir peningar í honum en eftir stendur samt að gefin voru hátíðleg loforð um að allt yrði bætt.

Menn eiga að standa við loforð. Það eru margir að fara miklu verr út úr þessu en ég. Heilu fyrirtækin þurrkuðust út í þessu flóði og það verður að bæta," segir Geir.

Sigurður Hafberg ferðafrömuður

Kajakarnir 22 eyðilögðust



Sigurður Hafberg.

■ „Það kom skýrsla frá aðgerðarhópi sem forsætisráðuneytið stofnaði vegna snjóflóðanna á Flateyri í byrjun mars. Þar kom fram að kanna ætti tjón sem skapast hefði af völdum snjóflóðanna. Ég kannast ekki við að talað hafi verið við nokkurn mann hér á Flateyri um þessi mál í framhaldi af skýrslunni," segir Sigurður J. Hafberg, ferðafrömuður á Flateyri. Sigurður rak elstu kajakaleigu landsins. Fyrirtæki hans, Grænhöfði ehf. fagnar 20 ára afmæli á árinu og hefur notið mikilla vinsælda allt frá stofnun enda þykir Önundarfjörður kjörinn fyrir kajakferðir.

„Ég var með bátana okkar í gámi við hafnarsvæðið. Nú er allt ónýtt, gámurinn og 22 bátar ásamt þeim búnaði sem fylgir svona útgerð. Ég á enga möguleika á að koma fyrirtækinu aftur af stað ef ekki fást neinar bætur fyrir það sem ónýtt varð. Það munar svo sannarlega um hvert starf eins og staðan er núna hérna í plássinu. Svo er ferðaþjónustan hérna eins og keðja þar sem hvert styður annað, ef hlekk vantar í verða bara eftir bútar af keðju," segir Sigurður.

Ljóst er að um margmilljóna tjón er að ræða enda búið að taka tvo áratugi að koma fyrirtækinu í þessa stærð. „Ég held því fram að þetta hafi verið elsta og virðulegasta kajakleiga landsins og því beri að varðveita hana," segir hann.

Sigurður, eins og fleiri Flateyringar, furðar sig á hversu innihaldslaus loforð ráðamanna eru. Hann segir vanmátt og reiði krauma meðal íbúa á Flateyri.

„Það stendur ekki steinn yfir steini í því sem sagt hefur verið og lofað. Ég sakna þess mjög að ekkert heyrist frá bæjaryfirvöldum á Ísafirði. Fyrst eftir flóðin var bærinn í góðu sambandi við okkur hérna en nú virðumst við gleymd. Ég spyr líka, hvar er fiskvinnslan sem átti að opna hér um áramótin og Byggðastofnun lét hafa 400 tonna kvóta til að hefja vinnslu. Það eru nokkrar vikur síðan að áramótin voru og það bólar ekki neitt á neinu í þeim efnum," segir Sigurður.

SIXT langtímaleiga

„Bíllinn stækkar um leið og fjölskyldan... ...snilld!“



Sixt langtímaleiga einfaldar lífið!

Stækkun fjölskyldunnar fylgir mikil gleði, en því fylgir líka plássfrekur öryggis- og aukabúnaður í heimilisbílinn. Þess vegna sjá margar barnafjölskyldur fram á að þurfa að fjárfesta í nýjum, stærri bíl. Hjá Sixt langtímaleigu er sveigjanleikinn málið og auðvelt að skipta upp í stærri bíl;
ekkert vesen – bara snilld!

**Ein föst greiðsla á mánuði,
enginn óvæntur kostnaður...**

...og allir kátir!

Kynntu þér kosti langtímaleigu á **sixtlangtímaleiga.is** eða hafðu samband við viðskiptastjóra Sixt í síma 540 2222 eða á vidskiptastjori@sixt.is

Innifalið í langtímaleigu:

- ☑ Þjónustuskoðanir
- ☑ Hefðbundið viðhald
- ☑ Tryggingar og gjöld
- ☑ Dekk og dekkjaskipti

sixtlangtímaleiga.is

Svona framkoma er auðvitað bara ofbeldi af hálfu bæjarins í garð fólks sem er í basli með að vinna úr því mikla tjóni sem flóðin ollu.



Sigurður H. Garðarsson hugar að brottflutningi.

á um 1000 tonn hverfi af staðnum. Þessu fylgir óhjákvæmilega að þjónusta verður ekki til staðar, til að mynda eru litlar líkur á að einhver verði með fiskmarkað þar sem enginn fiskur er. Það gæti þýtt erfiðleika fyrir strandveiðimenn að losa sig við afla hérna. Þannig að þetta leiðir allt að einu, snjóflóðin voru kannski bara punkturinn á eftir efninu," segir hann.

Sigurður segir að það sé mál manna að engu sé líkara en að hinu opinbera sé í nöp við Flateyringa. Yfirlýsingarnar nú séu innantómar, líkar þeim sem gefnar voru eftir flóðið hræðilega 1995.

„Nú á að koma ný framtíð með nýju fólki og ríkisrekinni nýsköpun. Við þessir gömlu Flateyringar munum væntanlega pakka saman í sumar og leita eitthvað annað. Allavega heyrist mér að þannig hugur sé í ansi mörgum núna og ég er þar ekki undanskilinn," segir Sigurður sem hóf útgerð á Flateyri fyrir meira en fjórum áratugum.

Úlfar Önundarson atvinnurekandi

Ljót og óskiljanleg framkoma



Úlfar Önundarson.

Íbúum er ekki síður brugðið með eftirleik flóðanna en þeim varð þegar flóðin féllu í vetur. Einn þeirra sem vel þekkir til er Úlfar Önundarson sem er með vinnuvélaútgerð og bátasafn á Flateyri. Hann segir þetta mikla sorgarsögu.

„Það er sama hversu mikið menn reyna að fegra aðgerðaleysið og tala sig frá hlutunum, þetta mun alltaf verða sorgarsaga. Eina bjarta ljósið í þessu var björgun Ölmu Sóleyjar sem fór undir snjóflóð í herberginu sínu á öruggu svæði að baki snjóflóðavarnargarði. Björgun hennar gladdi Flateyringa mikið og er enn að gefa þeim styrk í sérkennilegri baráttu við peningaöfl sem reyna allt hvað hægt er að bregða fæti fyrir allt og alla hérna.

Fólk sem varð fyrir tjóni virðist allt vera meira og minna ótryggt. Þetta er alveg eins og eftir mannskæða flóðið 1995, nema nú er enginn Samhugur í verki til að greiða það sem tryggingarnar neita að borga," segir Úlfar.

Hann segir að sumir íbúanna hafi gefist upp og samþykkt afarkosti tryggingafélaga.

„Mér sýnist að þar séu stuttbuxnadrengir hjá tryggingafélögunum sem njóta þess að hafa peninga af fólki eftir þessar hörmungar. Það merkilega er að tryggingarnar fá allt tjón úr svona hamförum endurgreitt frá hinu opinbera, að ég best veit. Þess vegna er þessi ljóta framkoma alveg óskiljanleg. Ekki má heldur gleyma því að fólk borgaði af fullum tryggingum í samræmi við matsverð sem nú er allt í einu ekki inni í myndinni. Þegar jarðskjálftarnir riðu yfir Suðurland var lögum breytt afturvirkt þannig að fólk sem varð fyrir eignatjóni fékk fullar bætur. Það hlýtur að vera hægt að gera það líka fyrir okkur hérna. Það varð svakalegt tjón í þessum hamförum í vetur," segir Úlfar.

Hann segir að yfir 20 aðilar hafi tapað eignum við snjóflóðin og ekkert af því fáist bætt með sanngjörnum hætti.

„Það svartasta í þessu er þó að varnargarðarnir sem fólk treysti á, og taldi sig öruggt með, skuli ekki reynast traustsins verðir."

Úlfar segir að héðan í frá muni fólk ekki finna öryggi á heimilum sínum á vetrum. Þá sé ekkert að gerast annað en hálfkák.

„Svo ákvað ríkisstjórnin nú í vikunni að láta andvirði eins Range Rover jeppa renna til einhverra óljósra verkefna í þorpinu. Þetta eru kannski ekki nein vonbrigði, kannski trúði aldrei neinn því sem sagt var. Reynslan kennir fólki hér eins og annars staðar," segir Úlfar.

Við gerum vel við eldri borgara

50% afsláttur af áskrift og fyrsta blaðið
FRÍTT HEIM að dyrum



Áskriftarsíminn er opinn alla virka daga frá 9 til 13
Sími 515-5500 eða á mannlif.is/askriftir



Fuzzy
SIGURÐUR MÁR



Tré
KATRÍN ÓLÍNA



Quasi ljós
ÓLAFUR ELÍASSON

„Berum virðingu
fyrir íslenskri hönnun“
EYJÓLFUR PÁLSSON

epal
45 ára

Harpa / Skeifan 6 / 5687733



Hnútapúði
RAGNHEIÐUR ÖSP



Bessi
ERLA SÓLVEIG ÓSKARSDÓTTIR



Kjarvalsstóllinn
SVEINN KJARVAL



Vaðfuglar
SIGURJÓN PÁLSSON

Texti / Trausti Hafsteinsson Mynd / Aðsend

Viðtalið

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Með húmor að vopni

Svandís Svavarsdóttir segir hafa verið mjög krefjandi að vera heilbrigðisráðherra undanfarið misseri og fundið mjög fyrir ábyrgðinni sem á henni hefur hvílt. Hana hafi aldrei órað fyrir því að þurfa glíma við alheimsfaraldur þegar hún settist í ráðherrastólinn.
Heilbrigðisráðherrann er gífurlega stoltur af íslensku þjóðinni og er sannfærður um að sagan af baráttu þjóðarinnar við COVID-19 verði saga sem fleiri þjóðir muni vilja heyra. Hennar meginvopn í baráttunni er húmorinn og úthaldið.

Einhvern tímann var ég að grínast með það, eftir að hafa verið umhverfisráðherra þegar Eyjafjallajökull gaus, að það væri alveg eftir öllu að ég yrði fyrsti heilbrigðisráðherrann sem þyrfti að beita samkomubanni. Og auðvitað kom það svo í minn hlut. En þetta var bara augljóst næsta skref þegar þar að kom og ég hikaði aldrei frammi fyrir þeirri ákvörðun," segir Svandís sem hefur haft í nógu að snúast síðustu mánuði.

Ráðherrann segir það hins vegar ekki hluta af persónugerð sinni að gefast upp eða bugast frammi fyrir stórum og erfiðum verkefnum. „Þegar ég settist í ráðherrastólinn datt mér aldrei í hug að ég þyrfti að glíma við alheimsfaraldur árið 2020. Það hefur verið mjög krefjandi að vera heilbrigðisráðherra undanfarið. Það óraði engan fyrir þessu."

Fyrsta smitið hér á landi greindist föstudaginn 28. febrúar og strax þá helgina hófst skimun eftir smitum og smitrakningin. „Við fórum að undirbúa okkur strax í janúar þegar ljóst var í hvað stefndi. Það er alveg einstakt hvað við höfum náð langt í baráttunni við veiruna en við erum líka með gott fagfólk í þessu stóra verkefni. Í gegnum þetta hefur sóttvarnalæknir staðið þétt við bakið á mér og hann hefur ekki aðeins menntað þjóðina í gegnum þetta heldur líka ráðherrann sinn. Með okkar aðferðum og verkfærum hefur okkur tekist mjög vel til. Við höfum beitt hörðum sóttvarnaraðgerðum en þær endurspeglast líka í þeim árangri sem við sjáum. Það sem gildir er að vera á undan veirunni."

Muna að anda

Þegar Svandís er spurð að því hvað hafi hjálpað henni persónulega í þessu erfiða verkefni segir hún: „Ég hef fundið hversu mikilvægt er að eiga gott persónulegt bakland. Sjálf hef ég alltaf lagt mikla áherslu á húmorinn því hann er gott vopn í miklu álagi og raunar í gegnum lífið sjálft má ekki gleyma því að hafa gaman. Ég hef líka lagt á það áherslu að gefa mér tíma inn á milli til að lesa skáldsögur og passa vel upp á nætursvefninn. En það sem er mikilvægast í þessu öllu samt er að muna að anda, stundum gleymist það þegar álagið er mjög mikið," segir Svandís.

Alveg magnað

Erfiðast í ferlinu öllu segir Svandís hafa verið að standa í kjaradeilu, lengst af hafi enn verið ósamið við hjúkrunarfræðingar sem hún telur vera hrygglengjuna í heilbrigðisþjónustunni. Hún er ánægð með að samningar náðust og er jafnframt virkilega stolt af íslensku þjóðinni. „Persónulega finnst mér þetta hafa verið leiðangur sem hefur dregið fram það besta og sterkasta í íslensku



Svandís er þeirrar skoðunar að aflétting takmarkana sé hófleg útfærsla og skilur gagnrýnisraddir sem telja of hægt farið.

samfélagi. Við hikum ekki við að standa saman undir miklu álagi og erum fljót að hugsa út fyrir boxið," segir Svandís og telur að aðrar þjóðir komi til með að vilja heyra okkar sögu. „Þetta er vonandi saga sem við getum sagt fleirum en okkur sjálfum þegar þetta er að baki. Heilbrigðiskerfið okkar hefur líka sýnt ótrúlegt afl, sveigjanleika og fagmennsku. Þar hefur fjöldi heilbrigðisstarfsfólks lagað sitt daglega starf að afar krefjandi verkefnum undir miklu álagi. Fyrir þetta ber okkur öllum að þakka."

Þurft að slökkva elda

Svandís er ánægðust með hversu vel hefur tekist að halda almenningi upplýstum en það telur hún hafa verið lykilatriði. Á sama tíma er hún ánægð með hversu vel stjórnmálamennirnir hafa haldið sig frá sviðsljósinu og hleypt fagfólkinu að í staðinn. „Við nýttum bestu mögulegu vísindalegu þekkingu á hverjum tíma til að takast á við þetta og héldum hópinn með vísindafólkinu," segir Svandís.

Það hefur þó líka ýmislegt farið úrskeiðis, að mati ráðherrans, og ýmislegt sem draga má lærdóm af þegar faraldurinn verður yfirstaðinn. „Þegar ég lít til baka hefði ég viljað hafa gert betur í upplýsingagjöf til allra hópa í samfélaginu alveg frá upphafi. Það er eitthvað sem við megum bæta okkur mikið í, að miðla öllum upplýsingum til þeirra sem eru með annað móðurmál en íslensku og tryggja túlkun yfir á íslenskt táknmál. Þetta hefði ég viljað hafa í lagi frá fyrsta degi," segir Svandís

„Þegar ég settist í ráðherrastólinn datt mér aldrei í hug að ég þyrfti að glíma við alheimsfaraldur árið 2020. Það hefur verið mjög krefjandi að vera heilbrigðisráðherra undanfarið.

en hún telur líka tækifæri í þessu fólgin. „Í fljótu bragði sé ég tækifæri á því að við nýtum verklagið sem við höfum tileinkað okkur, til dæmis að við nýtum meira göngudeildarþjónustu sem hefur virkað svo vel þannig að fólk þurfi síður að leggjast inn."

Baráttan ekki búin

Svandís leggur ríka áherslu á að baráttunni við veiruna sé hvergi nærri lokið. „Svo lengi sem þessi veira er á kreiki er þetta ekki búið. Nú er ég hvorki bóluefnafræðingur né veirufræðingur en mitt besta fólk segir mér að bóluefnis sé langt að bíða. Jafnvel einhver ár þangað til að það liggur fyrir," segir Svandís.

„Ég hélt að það tilheyrði öðrum tímum að stórir veirufaraldrar leggi samfélög manna undir sig. Áhrifin af þessum faraldri eru alveg gríðarlega mikil og sem mannkyn erum við enn í miðjum klíðum. Ég myndi gjarnan vilja geta staðfest hvenær verður komið jafnvægi í íslenskt samfélag en það er veiran sem stýrir tímalínunni. Ef hún gengur áfram ljósum logum um heimsbyggðina verðum við að glíma við þetta áfram næstu misseri. Ég horfi til þess að við ættum samt að geta komist aftur á gott skrið á hér innanlands í lok þessa árs."

Hrekkur í kút

Heilbrigðisráðherrann telur ljóst að mannfólkið muni læra ýmislegt af þessum heimsfaraldri. „Næsta verkefni á dagskrá verður hlýnun jarðar og loftslagsvandinn. Næst þurfa þjóðir heims að snúa bökum saman í að leysa það verkefni farsællega," segir Svandís.

„Því miður held ég að það sé langt í það að við notum gamla handabandið aftur. Sjálf hrekk ég í kút þegar ég sé fólk í bíómyndum sitjandi í kös, það er bara óþægilegt.

Ég tel að við munum breyta ýmsu í okkar daglegu háttum og lærum betur að meta það sem skiptir öllu máli."

Hófleg skref

Svandís er þeirrar skoðunar að aflétting takmarkana sé hófleg útfærsla og skilur gagnrýnisraddir sem telja of hægt farið í afléttingu þeirra. „Því er alltaf við að búast að heyra gagnrýnisraddir enda snerta þessar ákvarðanir okkar líf hvers einasta manns. Ég tel ákvarðanir okkar réttar og öll þessi skref eru með fyrirvara um hvernig gengur hjá okkur. Við vitum að það þarf ekki nema eina óvarlega ákvörðun sem gæti leitt til þess að aftur þurfi að herða reglur. Við þurfum öll að vera samferða út úr þessum faraldri."

1. skref – 4. maí

Fjöldamörk samkomubanns hækkuð upp í 50 manns í stað 20 áður.

Skólastarf leik- og grunnskóla með eðlilegum hætti.

Starf framhalds- og háskóla heimilað en þó með fjöldatakmörkun 50 í sama rými.

Skipulagt íþróttastarf heimilað utandyra en þó með fjöldatakmörkun 50 saman í hóp hjá leik- og grunnskólabörnum og 4 saman hjá eldri iðkendum. Notkun á sameiginlegum búnaði haldið í lágmarki.

Ýmis starfsemi heimiluð: Nuddstofur, hárgreiðslustofur, snyrtistofur, sjúkraþjálfun, tannlækningar, söfn og sambærileg starfsemi.

Reglur um tveggja metra fjarlægð haldast óbreyttar.

2. og 3. skref – Í sumar

Fjöldamörk samkomubanns hækka úr 50 í hærri tölu, mögulega í tveimur skrefum. Það fyrra upp í 100-200 manns og það síðara upp í 2000 manns.

Starfsemi líkamsræktarstöðva og sundlauga heimiluð.

Starfsemi kráa, veitingastaða, skemmtistaða og spilasala heimiluð.

Reglur um tveggja metra fjarlægð haldast óbreyttar.

4. skref – 1. september

Fjöldamörkum samkomubanns aflétt.

Áfram verði lögð áhersla á handþvott og öflugar sóttvarnir.

40%
GLÖÐ

100% EINS OG HÚÐIN

100% ÞÚ

35%
GLETTIN

25%
DREYMIN

NÝTT NIVEA Q10 POWER EXTRA NOURISHING

MEÐ LÍFRÆNNI ARGAN OLÍU + Q10 EINS OG ER Í HÚÐINNI

ENDURNÝJAR VARNIR HÚÐARINNAR GEGN ÓTÍMABÆRRI ÖLDRUN

- **STINNARI HÚÐ** Á 2 VIKUM
- **MINNI HRUKKUR** Á 4 VIKUM
- **DJÚPNÆRIR** ÞURRA HÚÐ



Viðtalið

ANDREA BJÖRK SIGURVINSDÓTTIR

Flúði slökkviliðið vegna áreitis

*„Það gekk eiginlega bara allt út á það hjá þessum aðilum að finna eitthvað á mig," segir **Andrea Björk Sigurvinsdóttir,** sem var eina konan í slökkviliði Fjarðabyggðar þegar hún hóf störf þar sumarið 2017. Hún hafði reynslu af sjúkraflutningum og brennandi áhuga á starfinu, sótti sér aukna menntun í því og lagði sig alla fram. Fljótlega fór þó að bera á því að ýmsir samstarfsmenn hennar voru ekki hrifnir af því að fá konu sem starfsfélaga og Andrea upplifði síendurtekið áreiti innan slökkviliðsins sem endaði með því að hún brotnaði saman og hætti samkvæmt læknisráði. Hún hefur nú lagt fram formlega kvörtun vegna kynbundins áreitis og eineltis eftir að hafa ítrekað verið hunsuð af yfirmönnum slökkviliðsins þegar hún kvartaði. Á endanum hrökklaðist hún úr bænum og flutti til Dalvíkur ásamt eiginmanni og börnum, en hún er enn óvinnufær og treystir sér ekki ein út í búð, hvað þá meira, svo djúpstæð áhrif hafði eineltið á hana.*

Texti / Friðrika Benónýsdóttir
Myndir / Auðunn Níelsson

Ég fór að vinna hjá Slökkviliði Fjarðabyggðar strax eftir að ég útskrifaðist sem þroskaþjálfi," útskýrir Andrea beðin að segja frá tildrögum þess að hún hóf störf hjá slökkviliðinu. „Ég hafði verið í sjúkraflutningum á Þórshöfn, þar sem ég bjó áður en ég flutti til Reyðarfjarðar, og var menntuð sem slíkur. Til að byrja með var ég í hlutastarfi hjá slökkviliði Fjarðabyggðar, sinnti millistofnanaflutningum og öðrum tilfallandi störfum. Þann 1. ágúst 2017 réði ég mig inn á vaktir, var eina konan í slökkviliðinu og þurfti náttúrlega að mæta öllum þeim áskorunum sem því fylgdu. Ég er mjög grönn og lít ekki út fyrir að vera sterk líkamlega og fljótlega eftir að ég byrjaði fór ég að finna fyrir leiðindaskotum um að ég væri nokkurs konar aðskotahlutur í liðinu. Mér var haldið utan við það sem aðrir voru að gera, var í rauninni bara á hliðarlínunni, og það var mjög áþreifanlegt að nokkrir mannanna í liðinu vildu ekki hafa konu í þessu starfi."

Var hætt að þora á kaffistofuna

Andrea lagði fram kvörtun til yfirmanns síns vegna kynbundins áreitis eftir að hafa reynt án árangurs að vera metin að verðleikum innan liðsins. „Ég var farin að heyra hvernig var talað um mig," útskýrir hún. „Að ég gæti ekkert gert, væri ekki nógu sterk og svo framvegis. Ég lagði mig alla fram í starfinu, reyndi að vera allra en það var ekki hægt. Ég varð því mjög ánægð þegar yfirmaður minn slökkviliðsstjórinn kallaði mig inn á skrifstofu og sagðist vera búinn að taka eftir áreitinu og vildi heyra hvernig ég hefði það. Áreitið kom aðallega frá einum starfsmanni til að byrja með en það vatt upp á sig og ég ákvað að leggja fram formlega kvörtun. Ég var þá byrjuð í atvinnunámi slökkviliðsmanna sem er árslangt lotunám, til að fá löggildingu sem atvinnuslökkviliðsmaður. Þá þurfti ég að vera alla daga á slökkviliðstöðinni og mæta á allar vaktir, ekki bara mína vakt en þar mætti ég alltaf fullum skilningi og stuðningi. Aðrar vaktir voru ekki á þeirri línu og ég mætti mjög leiðinlegri framkomu frá þeim. Ég var hætt að fara inn í kaffistofu, fór heim í matartímanum og gerði allt til að forðast að vera í samskiptum við þá. Einn starfsmaður var farinn að sýna mér ógnandi framkomu og mér leið sífellt verr. Lengi reyndi ég að réttlæta þetta með því að þetta væri eðlilegt þar sem ég væri kona sem væri að ráðast inn í karlaveldi og þess vegna þyrfti ég bara að læra að höndla þetta áreiti sem eðlilegan hluta af því að vera í slökkviliði, sem var náttúrlega fáránleg hugsun. Auk þess að ég var hreinlega farin að velta fyrir mér hvort þetta væri ímyndun í mér, staðan væri alls ekki svona slæm. Það er nefnilega ótrúlegt hvað kvíði getur brenglað hugsunina hjá manni."

Eftir að Andrea lagði fram kvörtunina kallaði slökkviliðsstjórinn hana og þann sem atkvæðamestur var í áreitinu á sinn fund til að ræða málið og reyna að koma á sáttum. „Það var náttúrlega alls ekki þægilegur fundur," segir Andrea. „Eiginlega bara mjög óþægilegur. Hann viðurkenndi ekki að hann væri að gera neitt rangt, sagði að kannski þyrfti hann að venja sig á að vera aðeins blíðlegri í framkomu við alla, hann væri bara svona. Slökkviliðsstjórinn vildi allt í einu ekkert kannast við að hann hefði áður rætt við mig um áreitið. Það var skrifuð fundargerð og við kvittuðum undir en sá aðili sem ég kvartaði undan kvittaði undir með því skilyrði að þessi fundargerð yrði ekki sýnd neinum öðrum en okkur og slökkviliðsstjórinn lofaði því. Þannig að ég fékk ekkert út úr þessum fundi nema aukinn kvíða. Ég var auðvitað í enn verri stöðu eftir að hafa kvartað og fann vel fyrir því að menn lögðu sig fram um að hunsa leiðinlegu kellinguna sem kvartaði við yfirmanninn."

Aumingjaskapur að óska eftir sálgæslu

Andrea segir að upp úr þessu hafi starfsdagurinn farið að snúast meira og minna um það að forðast samstarfsfélagana sem ekki voru með henni á vakt og hún hafi reynt forðast að vinna aukavinnu með ákveðnum einstaklingum. Hún hafi ekki getað upplifað þetta öðruvísi en sem einelti en hún hafi þó alltaf reynt að mæta áreitinu með kurteisi. „Ég hélt áfram í atvinnunáminu og þar fann ég rosalega mikið fyrir því að ég þótti ekki nógu góð. Við vorum þrjú á Reyðarfirði í þessu námi og annar mannanna sýndi mér mjög mikla vanvirðingu og gerði óspart grín að mér. Það var alveg sama hvað ég gerði, það var mikið grínast með það á stöðinni hvað ég væri vanhæf. Ég var sökuð um að reyna að koma mér undan erfiðum æfingum í náminu með því að velja mér félaga sem væri sterkur svo ég þyrfti ekkert að gera og svo framvegis. Ég var meira að segja sökuð um að hafa tábrotið mig viljandi í líkamsrækt til að sleppa við erfiðu æfingarnar. Það gekk eiginlega bara allt út á það hjá þessum aðilum að finna eitthvað á mig. Ég til dæmis óskaði eftir sálgæslu eftir mjög erfitt útkall og það þótti afskaplega fyndið og mikill aumingjaskapur."

> ***Yfirmenn mínir fóru á fundi með fólki frá Landsamtökunum, en vildu ekki viðurkenna að ég hefði kvartað nema í þetta eina sinn.***

Andrea segist margsinnis hafa beðið um að eitthvað yrði gert í þessum eineltismálum á slökkvistöðinni, fengið þau svör að það yrði skoðað en svo hafi ekkert gerst. „Ég var auðvitað eina konan og þar af leiðandi sú eina sem átti að nota kvennaklósettið og búningsklefann en það kom hvað eftir annað fyrir að það væri til dæmis búið að pissa í sturtuna og skilja klósettið eftir fullt af hægðum, eða stela sænginni minni," segir hún og útskýrir í því samhengi að á slökkviliðsstöðinni fái starfsmenn box sem þeir merkja sér, í boxunum séu sængurföt sem starfsmenn nota. Starfsmenn starfi á tólf tíma vöktum, engin skipulögð starfsemi sé á stöðinni að næturlagi og því hafa starfsmenn kost á að sofa á næturnar ef ekkert útkall er.

Andrea segir að það hafi verið sama hvað hún sagði, hún hafi bara verið álitin móðursjúk og alltaf með vesen.

„Ég var búin að senda yfirmanni yfirmanns míns, það er að segja þáverandi starfsmannastjóra Fjarðabyggðar, póst um ástandið og setjast á fund með honum og ræða málið. Náttúrlega var öllu fögru lofað og talað um hvað það væri frábært að hafa konu í stéttinni og að hann ætlaði að gera allt til þess að laga stöðuna. Ég ítrekaði erindið nokkrum sinnum við starfsmannastjóra Fjarðabyggðar en smám saman hætti hann svara og samskiptin fjöruðu út án þess að nokkuð væri gert. Þannig að þetta var bara orðið ókleift fjall sem ég réði ekki við."

„Fór að trúa að ég gæti þetta ekki"

Í lok október 2018 gafst Andrea upp, gekk út af stöðinni og fór til læknis sem sendi hana umsvifalaust í veikindafrí. „Ég þurfti að kyngja því að ég gæti þetta ekki lengur," segir hún. „Ég gæti ekki barist lengur. Ég hætti í atvinnunáminu, hafði bara ekki lengur trú á sjálfri mér í þessu starfi. Það var stöðugt verið að fylgjast með mér, hvort ég gæti nokkuð einu sinni lyft sjúkrabörum og svo framvegis. Svona viðhorf síast inn og ég bara fór að trúa því að þetta væri ekki starf fyrir mig."

Eftir að hún fór í veikindafrí hélt Andrea áfram að reyna að fá úrlausn sinna mála, sendi kvörtun til Landsambands slökkviliðsmanna og Vinnueftirlitsins og segir það ferli hafa tekið nokkra mánuði, með endalausum greinargerðum, tölvupóstum og samtölum. „Þau hjá Landsambandinu stóðu virkilega þétt við bakið á mér," segir hún. „En ég sá aldrei neinar aðgerðir og var orðin vonlítil um að þetta myndi nokkurn tímann klárast. Yfirmaður minn



Andrea upplifði síendurtekið áreiti innan slökkviliðsins sem endaði með því að hún brotnaði saman og hætti samkvæmt læknisráði. Hún hefur nú lagt fram formlega kvörtun vegna kynbundins áreitis og eineltis eftir að hafa ítrekað verið hunsuð af yfirmönnum slökkviliðsins þegar hún kvartaði.

Viðtalið

ANDREA BJÖRK SIGURVINSDÓTTIR

Það gekk eiginlega bara allt út á það hjá þessum aðilum að finna eitthvað á mig.



„Ég er að vinna að því að koma mér út í samfélagið og verða ég sjálf aftur. Ég þekki ekki sjálfa mig lengur og þrái ekkert heitar en að losna út úr þessu ástandi," segir Andrea.

slökkviliðsstjórinn og þáverandi starfsmannastjóri fóru á fundi með fólki frá Landsambandinu, en vildu ekki viðurkenna að ég hefði kvartað nema í þetta eina sinn og sögðu að málið hefði verið klárað þá, þótt ég væri auðvitað með þetta allt skriflegt í tölvupóstum. Þá bara gafst ég upp, var í rauninni orðin mjög andlega veik, með hjartsláttartruflanir og þurfti að vera á róandi lyfjum og hjartalyfjum. Ég réði mig á leikskólann á Reyðarfirði en hætti eftir tvær vikur, því Reyðarfjörður er lítill bær og þessir aðilar áttu börn í þeim leikskóla. Í eitt skipti mætti ég þeim og það var í rauninni nóg og ég sagði starfinu upp, sá að ég gat engan veginn sinnt því með mína líðan."

Andrea segist á þessum tíma hafa verið farin að mæta hunsun hjá sveitarfélaginu og þá sérstaklega hjá yfirmönnum í Fjarðabyggð. Hún hafi reynt að sækja um störf sem hún hafi haft menntun og reynslu til að sinna, en ekki einu sinni verið boðuð í viðtöl. Hún hafi upplifað það þannig að sveitarfélagið hefði bara lokað á hana og hafnað henni. Á endanum var ástandið orðið óbærilegt og fjölskyldan flutti til Dalvíkur þar sem maðurinn hennar fékk vinnu. „Þetta var bara orðið óbærilegt," segir hún. „Ég var hætt að þora ein út því kvíðinn var orðinn það mikill að ef ég sá þessa aðila í búðinni fékk ég kvíðakast og hljóp út. Ég var búin að tala um þetta við lækna og sálfræðinginn en það var ósköp lítið hægt að gera annað en bara fara, eins hræðilega og það hljómar, og það endaði með því að við fluttum síðasta sumar."

„Ég þekki sjálfa mig ekki lengur"

Andrea segist ekki enn þá hafa treyst sér til að fara út í samfélagið á Dalvík, hún glími enn við afleiðingar eineltisins. Hún dreif sig þó í nám þegar hún hætti í slökkviliðinu, tók diplómu í opinberri stjórnsýslu og fötlunarfræðum. Segist hafa náð að klára það með herkjum. „Ég ákvað svo að taka MPA-námið í opinberri stjórnsýslu og byrjaði í því í haust, en í mínum veikindum hef ég ekki náð neinum tökum á því. Ég hafði alltaf getað einbeitt mér að námi en ég er búin að tapa þeim hæfileika í þessu ferli. Það er alveg nóg fyrir mig að vera heima og hugsa um heimilið, meira legg ég ekki á mig. Ég er að vinna að því að koma mér út í samfélagið og verða ég sjálf aftur. Ég þekki ekki sjálfa mig lengur og þrái ekkert heitar en að losna út úr þessu ástandi."

Andrea óskaði eftir formlegri rannsókn á eineltinu og beiðni um miskabætur er í ferli að sögn Sævars Þórs Jónssonar, lögmanns hennar. Andrea segist ekki vita hvert framhaldið verði. „Ég hef lagt það algjörlega í hendur lögmannanna," segir Andrea. „Það eina sem ég vil fá út úr málinu er viðurkenning á því að það var brotið á mér. Það eru breyttir tímar og ég fagna því að konum fjölgar í slökkviliðum um allt land. Vonandi leiðir það til þess að það viðhorf að þetta sé ekki kvennastarf breytist. Ég er vongóð um það að mitt mál eigi þátt í því að sigrast á þeirri kreddu."



Ekki einelti í lagalegu tilliti

Mannlíf óskaði eftir skriflegri greinargerð um málið frá Sævari Þór Jónssyni, lögmanni Andreu Bjarkar, og hann hafði þetta um málið að segja.

Sævar Þór Jónsson, lögmaður Andreu Bjarkar.

Í hverju felst kvörtunin?

„Umbjóðandi minn, sem er fyrrum starfsmaður Slökkviliðs Fjarðabyggðar, lagði fram kvörtun um einelti á vinnustaðnum í júlí 2019 þar sem þess var krafist, í samræmi við lög og reglur, að málið yrði rannsakað af hálfu sveitarfélagsins.

Í umræddri kvörtun voru gerðar alvarlegar athugasemdir við starfshætti samstarfsmanna umbjóðanda míns, ekki síður við eftirlit og aðgerðaleysi starfandi slökkviliðsstjóra sem brást ekki við háttseminni þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar umbjóðanda míns um einelti á vinnustaðnum.

Sveitarfélagið féllst á að taka málið til skoðunar og í samræmi við reglugerð var utanaðkomandi ráðgjafi fenginn til að meta kvörtunina. Það verk önnuðust þrír sálfræðingar en vinna þeirra fólst m.a. í því að ræða við starfsmenn og stjórnendur og gefa skýrslu um málið. Þessi skýrsla lá fyrir í desember í fyrra.

Niðurstaðan var sú að ekki hafi verið um einelti að ræða í lagalegu tilliti, s.s. eins og einelti er skilgreint í reglugerð. Aftur á móti voru gerðar mjög alvarlegar athugasemdir við þá háttsemi sem umbjóðandi minn þurfti að þola af hendi samstarfsmanna sinna. Í mörgum tilvikum var hún ófagleg og í öðrum óréttlætanleg eins og segir í skýrslunni. Þá var komist að þeirri niðurstöðu að stjórnendur hefðu brugðist umbjóðanda mínum með því að hafa ekki gripið fyrr til aðgerða í samræmi við lög og reglur."

Hvar er málið statt?

„Þrátt fyrir að niðurstaðan hafi, strangt til tekið, ekki talist einelti í lagalegu tilliti var um alvarlega háttsemi að ræða sem bitnaði á umbjóðanda mínum með ósanngjörnum hætti enda hrökklaðist hún frá störfum haustið 2018 og er óvinnufær í dag. Í háttseminni fólst því ólögmæt meingerð gegn persónu umbjóðanda míns sem sveitarfélagið ber ábyrgð á. Sá miski skal bættur eftir því sem sanngjarnt þykir hverju sinni.

Vegna þessa var með bréfi nú fyrir stuttu lögð fram krafa um miskabætur, sjúkrakostnað og lögmannskostnað úr hendi sveitarfélagsins. Kröfubréf umbjóðanda míns er nú til skoðunar sem sveitarfélagið þarf að taka afstöðu til áður en lengra er haldið.

Verði kröfunni hafnað eða einstökum kröfuliðum þá þarf að fylgja kröfubréfinu eftir með málshöfðun."

Hver eru fordæmin í dómum í svipuðum málum?

„Miskabætur eru almennt mjög lágar í íslenskum rétti. Mat á miskabótum er atvikabundið enda er ekki stuðst við einn almennan og hlutlægan mælikvarða eða einhverja reikniformúlu. Úrlausnir dómstóla gefa okkur hins vegar ákveðnar vísbendingar.

Einnig er gerð krafa um endurgreiðslu sjúkrakostnaðar, en um er að ræða sálfræðikostnað í kjölfar atviksins, kostnað vegna koma á heilsugæslu og lyfjakaupa.

Þá er einnig gerð krafa um endurgreiðslu lögmannskostnaðar."



Samskipti Andreu við stéttarfélagið.

Bæjarstjóri og slökkviliðsstjóri Fjarðabyggðar kjósa að tjá sig ekki um málið

Mannlíf hafði samband við bæjarstjóra Fjarðabyggðar, Karl Óttar Pétursson, og slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Fjarðabyggðar, Guðmund Helga Sigfússon, og lagði fyrir þá nokkrar spurningar í tölvupósti. Báðir svöruðu þeir því til að þeim væri því miður ekki unnt að tjá sig um mál einstakra starfsmanna slökkviliðsins. Spurningarnar sem þeir fengu og svör þeirra fara hér á eftir.

Spurningar til Karls Óttars Péturssonar, bæjarstjóra Fjarðabyggðar:

- Hefur meint áreiti á hendur Andreu Björk komið til kasta bæjarstjóra?
- Ef svo er hver er niðurstaða þín eða skoðun þín á málinu?
- Hefur bæjarfélagið eða starfsmannastjóri þess látið gera úttekt á málinu með það fyrir augum að upplýsa hvað gerðist innan slökkviliðsins?
- Er ástæða til aðgerða innan slökkviliðsins eða hefur verið gripið til aðgerða?
- Hefur þáverandi starfsmannastjóri bæjarfélagsins skilað skýrslu eða minnispunktum um afskipti sín af málinu?
- Hyggst bæjarstjóri skoða málið frekar og hver er afstaða bæjarfélagsins til kröfu Andreu um miskabætur vegna málsins?

Svar Karls Óttars:

„Ég get því miður ekki tjáð mig um málefni einstakra starfsmanna Slökkviliðs Fjarðabyggðar, eða einstök mál þeim tengd.

Komi upp mál sem varða vinnuvernd og heilbrigði á vinnustað er unnið með þau eftir faglegu ferli innan hverrar stofnunar sveitarfélagsins, eins og gildandi lög og kjarasamningar gera ráð fyrir. Mál eru auk þess unnin í samræmi við þær leiðbeiningar og reglur sem Fjarðabyggð hefur sett sér varðandi þetta og nálgast má á heimasíðu sveitarfélagsins, fjardabyggd.is."

Spurningar til Guðmundar Helga Sigfússonar, slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Fjarðabyggðar:

- Hefur þú gripið til aðgerða á vinnustað þínum vegna máls Andreu Bjarkar?
- Kannast þú við lýsingu hennar á því áreiti sem hún segir frá og liggja til grundvallar þeirri rannsókn sem gerð var á málinu af hálfu bæjarfélagsins?
- Getur þú staðfest að þú hafir orðið þess var að ekki var allt með felldu í samskiptum sumra annarra starfsmanna við Andreu Björk?
- Til hvaða aðgerða hefur þú gripið vegna ásakana á hendur undirmanni/undirmönnum þínum?
- Andrea segir að sá sem hún kvartaði mest undan, og hún hafi hitt á fundi með þér til að leita sátta, hafi neitað að skrifa undir fundargerðina nema tryggt yrði að hún færi ekki fyrir augu annarra. Er það rétt og ef svo er hví samþykktirðu þá beiðni hans?
- Eru allir þeir sem Andrea kvartaði undan enn í starfi hjá Slökkviliði Fjarðabyggðar?
- Verða einhverjar breytingar gerðar á starfsmannamálum slökkviliðsins í kjölfar málsins?

Svar Guðmundar Helga:

„Ég get því miður ekki tjáð mig um málefni einstakra starfsmanna Slökkviliðs Fjarðabyggðar, eða einstök mál þeim tengd.

Komi upp mál sem varða vinnuvernd og heilbrigði á vinnustað er unnið með þau eftir faglegu ferli eins og gildandi lög og kjarasamningar gera ráð fyrir. Mál eru auk þess unnin í samræmi við þær leiðbeiningar og reglur sem Fjarðabyggð hefur sett sér varðandi þetta og nálgast má á heimasíðu sveitarfélagsins."

ERT ÞÚ AÐ DREKKA RÉTTA KAFFIÐ?

TAKTU KAFFITÁRSPRÓFIÐ



profid.kaffitar.is - uppgötvaðu þitt uppáhalds kaffi

Fólkið á Flateyri

Eftir / Reyni Traustason

Fá samfélög á Íslandi hafa gengið í gegnum meiri raunir en Flateyringar. Öll þjóðin man eftir snjóflóðunum sem lögðu plássið í rúst árið 1995 og urðu 20 manns að bana. Náttúruhamfarirnar urðu til þess að mikil og viðvarandi fólksfækkun varð á staðnum. Við bættist að nokkrum árum síðar var seldur í burtu allur kvóti staðarins og stærsti atvinnurekandinn pakkaði saman og fór suður til Hafnarfjarðar.

Í janúar á þessu ári féll aftur snjóflóð á staðinn. Snjóflóðagarðar staðarins björguðu því að ekki varð önnur eins hrollvekja og fyrir 25 árum. En samt mátti minnstu muna að ung stúlka léti lífið og heppni réði því að ekki var fólk við smábátahöfnina þegar flóðið skall á mannvirkjunum. Þrátt fyrir öflugar varnir varð eitt hús fyrir flóðinu og smábátahöfnin og bátarnir þar fóru í rúst. Með snarræði björgunarmanna tókst að grafa unga stúlku upp úr rústum hússins. En bátarnir í höfninni fóru og á einu augnabliki var atvinnulífið í rúst. Íbúarnir urðu fyrir stóráfalli. Harmleikurinn frá árinu 1995 rifjaðist upp með tilheyrandi sársauka.



„Eftir samúðar-kvakið í janúar ríkir þögnin ein.“

Á sínum tíma varð söfnunin Samhugur í verki til að létta eftirlifandi fólki í þorpinu lífið. Þegar flóðið féll í janúar reis bylgja samúðar með almenningi í landinu. Þrátt fyrir að mannbjörg hefði orðið urðu hamfarirnar íbúunum reiðarslag.

Ráðamenn á þyrlu fóru vestur til að sýna fólkinu í þorpinu samhug. Í kastljósi fjölmiðlanna fóru ráðamennirnir um staðinn og fullvissuðu íbúana um að flest yrði gert til að bæta þeim áfallið. Ekki er ástæða til að efast um að ráðamönnunum hafi verið alvara með að veita allt það liðsinni sem þyrfti. En reyndin varð önnur. Atvinnulífið í þorpinu er enn lamað. Þeir sem urðu fyrir tjóni eru að berjast fyrir því að fá bætur frá tryggingum eða öðrum þeim sem bæta tjón vegna náttúruhamfara. Allt stendur fast. Flateyri er hluti af Ísafjarðarbæ. Bæjaryfirvöld hafa það helst sér til frægðar unnið að hóta sektum og viðurlögum ef bátseigandi, sem missti bát sinn í hamförunum næði ekki bátnum upp á eigin kostnað. Aðrir standa í þeim sporum að tryggingar duga engan veginn til að bæta tjónið og taka upp hefðbundin störf. Fólkið á Flateyri á betra skilið.

Íbúarnir eru að vonum sárir í garð stjórnvalda. Eftir samúðarkvakið í janúar ríkir þögnin ein. Þyrlan með ráðamönnunum er farin suður, rétt eins og kvótinn og handhafi hans áður. Orðin tóm standa eftir. Hjól atvinnulífsins á Flateyri eru að ryðga föst.

Stjórnvöld eiga að skammast sín og bæta fólkinu á Flateyri tjónið og fyrirbyggja að annað eins geti gerst. Nauðsynlegt er að bæta fólki að fullu það tjón sem varð á eigum þess. Þá þarf að endurbæta snjóflóðagarðana. Loks þarf að tryggja atvinnu á Flateyri. Einfalda leiðin er sú að úthluta byggðarkvóta til staðarins. Ekki láta svikin loforð verða minnisvarða um hörmungarnar.



Ég er allt önnur og betri í maganum eftir að ég fór að nota **Probi Mage** mjólkursýrugerlana. Ég á þeim að þakka að þeim dögum sem ég finn fyrir ónotum tengdum meltingu hefur fækkað stórlega. Þetta skilar sér hreint út sagt í betri lífsgæðum finnst mér því mér líður almennt allri betur þegar ég tek þetta inn.
- Fríða Britt Bergsdóttir

abel heilsuvörur www.abelheilsuvorur.is



JONO DUFFY & EINAR V. MÁSSON

Skoðun

Eftir / Loga Einarsson

Jöfnuður og fjölbreytni

■ Markmið heilbrigðisteymisins í yfirstandandi krísu hefur verið að verja þau sem veikust eru gagnvart veirunni og það hefur tekist vel, þótt við bíðum með að fagna sigri þar til þríeykið leyfir. Í efnahagsaðgerðunum fram undan verður að nota sömu aðferðir og gegn veirunni, taka mið af hagsmunum heildarinnar. Það gildir nefnilega líka á veirulausum tímum, að enginn keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn.

Og þótt veiran hafi sett flestallt í nýtt samhengi voru áskoranirnar risastórar áður en hún kom til. Talsvert var farið að kólna í efnahagslífinu og þrátt fyrir góðæri síðustu ára búa tugþúsundir við skort. Aðgerðirnar sem við ráðumst í vegna efnahagskreppunnar geta aukið jöfnuð og dregið úr fátækt, ef haldið er rétt á spilunum. En vanhugsaðar aðgerðir eða aðgerðaleysi getur haft þveröfug áhrif.

Styðjum við fleira en fyrirtæki

Skynsamleg efnahagsstjórn snýst um að efla sérhvern einstakling og verja viðkvæmustu hópana; allar aðgerðir þurfa að taka mið af þessu. Ójöfnuður og fátækt sogar mátt úr samfélögum en mikill jöfnuður er ekki bara réttlætismál, og ekki einungis líklegastur til að tryggja friðsamt og kraftmikið samfélag, heldur kemur hann sér vel þegar syrtir í álinn.

Í augnablikinu erum við að slökkva elda og verja fyrirtækin í landinu – en í framhaldinu þurfum við að styðja betur við fólk. Við þurfum einnig að hafa kjark og framsýni til að ráðast í breytingar á skattkerfinu; deila gæðum jafnar og tryggja að auðlindir okkar skili almenningi sanngjörnum arði. Óhjákvæmilegt er að þau sem eiga meira borgi meira – og þeim sem eiga minna sé hlíft.

„Í efnahagsaðgerðunum fram undan verður að nota sömu aðferðir og gegn veirunni, taka mið af hagsmunum heildarinnar.“

Öflugt velferðarkerfi og fjölbreytt atvinnulíf

Samstaða, samábyrgð og æðruleysi almennings er allt saman ómetanlegt en síðustu vikur hafa líka fært okkur heim sanninn um að við verðum að eiga öfluga sameiginlega sjóði sem geta tryggt öflugt opinbert heilbrigðiskerfi, velferðarþjónustu og öryggisnet þegar á reynir. Til þessara sameiginlegu sjóða þurfa allir landsmenn að leggja sinn sanngjarna skerf.

Um leið og það þarf að bregðast skjótt við yfirstandandi vá með festu og dirfsku þurfum við nefnilega líka að þora að lyfta höfðinu enn hærra – líta til lengri framtíðar.

Hvaða lærdóm getum við dregið af þessari erfiðu reynslu, sem hjálpar okkur til þess að byggja upp betra samfélag í kjölfarið?

Við höfum m.a. lært hve samkennd og samhjálp fleyta okkur langt. Og við höfum áttað okkur enn betur á nauðsyn þess að styrkja sameiginlega innviði og tryggja þeim nægjanlegt fé til að þeir gagnist vel í góðu árferði en geti líka staðist erfiðari þolraunir. Við höfum horfst í augu við að borga verður grunnstéttum í framlínunni mannsæmandi laun. Og það hefur runnið upp fyrir okkur að skjóta þarf stoðum undir miklu fjölbreyttara atvinnulíf – hlúa að því fíngerðara og smáa – skapa fleiri störf sem byggja á hugviti. Til þess þurfum við að ráðast í byltingarkennda sókn í menntamálum.

Tvö orð þurfa að verða leiðarstef í leiðangrinum fram undan: Jöfnuður og fjölbreytni.



Höfundur er formaður Samfylkingarinnar.

*Aðsendar greinar ásamt mynd af höfundi sendist á **ritstjorn@birtingur.is.** Hámarkslengd texta er 450 orð.*

Sleggjan



„Listafólk hefur staðið með okkur nú á þessum erfiðu tímum en líka alltaf áður. Nú skulum við standa með þeim þegar á reynir. Tíföldum listamannalaunin strax.“

Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingar.



„Hef stundum áhyggjur af því hvað stjórnmálamenn geti verið lítið tengdir veruleikanum. Það er ekki gott á viðsjárverðum tímum þegar hætta er á að samfélagið fari beinlínis á hliðina. Einn slíkur vaknaði í morgun með þá hugmynd að tífalda laun einnar stéttar.“

Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.



„Jú, þið í ríkistjórninni hafið gripið til aðgerða og tekið jákvæð skref, en engu að síður á að láta heimilin hanga á bjargbrúninni og láta þau falla. Ekki bara ef allt fer á versta veg, heldur líka ef bjartsýnustu spár ganga ekki eftir.“

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formaður Hagsmunasamtaka heimilanna, gagnrýnir aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar.



„Þessar útgerðir fengu sem sé gefins kvóta sem var metinn á 65 til 100 milljarða króna í fyrra – og ætla svo til viðbótar að krefjast rúmra 10 milljarða af skattfé auk hæstu mögulegra vaxta. Þetta hlýtur að vera Íslandsmet í græðgi.“

Gylfi Magnússon, fyrrverandi viðskiptaráðherra. Tilefni ummælanna er krafa sjö útgerðarfélaga á hendur ríkinu um skaðabætur vegna fjártjóns sem þau telja sig hafa orðið fyrir vegna úthlutunar makrílkvóta 2011 til 2018. Kröfurnar eru samtals um 10,2 milljarðar króna. Auk þess fara þau fram á hæstu mögulegu vexti.



„Þegar íslenska þjóðin liggur á hliðinni vegna kórónuveirunnar stingur útgerðarauðvaldið þjóðina í bakið.“

Bubbi Morthens tónlistarmaður.

„Lýðskrum hefur aldrei verið meira og kjósendur fagna loddurum með einfaldar lausnir, eins og Trump, þó að einnig megi finna nærtækari dæmi.“



Benedikt Jóhannesson, stofnandi Viðreisnar, um stjórnmálastéttina á Íslandi.



„Enginn hefur enn lagt fram sannanir fyrir tilvist vírusa.“

Axel Pétur Axelsson forsetaframbjóðandi efast um tilvist Covid-19.



„Faraldurinn hefur ekki gert neitt nema sýna okkur sjálfum og svo öllum sem eru ekki algjörlega heilaþvegin af kvenfjandsamlegri nýfrjálshyggjunni að þegar við höfum sagst gegna algjöru undirstöðuhlutverki í samfélaginu höfum við ekki farið með neinar ýkjur.“

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.



„Munið að lýsi gefur ekki fulla lækningu við Covid-19 nema það sé tekið inn með matskeið af iðnaðarsalti.“

Halldór Högurður textasmiður hæðist á Facebook að auglýsingum frá Lýsi.

Góð vika

Gylfi Ólafsson

Íslenska þjóðin hafði ástæðu til að gleðjast í vikunni þegar greint frá því að COVID-19 faraldurinn væri á undanhaldi og í framhaldinu voru lagðar fram tillögur um tilslakanir á samkomubanni frá og með 4. maí. Góð tíðindi fyrir þríeykið Ölmu D. Möller landlækni, Þórólf Guðnason sóttvarnalækni og Víði Reynisson yfirlögregluþjón, sem hafa staðið sig með eindæmum vel. Þá hafði Gylfi Ólafsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, sérstakt tilefni til að gleðjast. Gylfi hefur undanfarið vakið athygli og aðdáun margra fyrir vasklega framgöngu í baráttunni við COVID-19 á Vestfjörðum. Í vikunni fékk hann þau góðu tíðindi að sýni sem tekin voru úr bakvarðasveit á hjúkrunarheimilinu Bergi í Bolungarvík voru öll neikvæð, en þau voru tekin eftir að kona úr bakvarðasveitinni var handtekin, grunuð um að hafa villt á sér heimildir. Til að toppa allt var lag sem Gylfi og frændi hans gáfu út fyrir 20 árum dregið fram í dagsljósið og sló rækilega í gegn og var Gylfi hylltur eins og rokkstjarna í kjölfarið. Ekki amaleg vika hjá forstjóranum fjölhæfa.



Slæm vika

Anna Aurora Waage



Eflaust hafa fáir átt jafnafleita viku og bakvörðurinnn Anna Aurora Waage Óskarsdóttir sem komst í fjölmiðla eftir að hún var handtekin á föstudag í síðustu viku vegna ásakana um þjófnað og að hafa villt á sér heimildir sem bakvörður á hjúkrunarheimilinu Bergi í Bolungarvík. Anna Aurora steig fram í viðtali í Mannlífi og sagðist vera í áfalli eftir handtökuna. „Að lenda svo í þessu er alveg skelfilegt, þetta er eins og einhver lygasaga.“ Lýsti hún yfir sakleysi sínu og sagðist ætla að stefna forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og lögreglustjóranum á Vestfjörðum vegna handtökunnnar. En þar með var ekki öll sagan sögð því í kjölfarið fóru fjölmiðlar að greina frá því að þeim hefði borist „fjöldi frásagna af meintum svikum konunnar“, eins og sagði í Fréttablaðinu og hafa samfélagsmiðlar logað vegna málsins. Á nánast hverjum degi virðist eitthvað nýtt koma fram og ljóst að ekki eru öll kurl komin til grafar.





Herdís Hrönn Árnadóttir og Sævar Lúðvíksson.

Snúa aftur með fyrsta flugi

■ Veitingamennirnir Herdís Hrönn Árnadóttir og Sævar Lúðvíksson reka Íslendingabarinn Nostalgíu á Tenerife og hafa nú lokað staðnum í bili. Þau ætla að skella sér til Íslands við fyrsta tækifæri og snúa aftur á barinn um leið og fyrstu Íslendingarnir mæta.

„Ég er bjartsýnismanneskja en ég sé ekki möguleika á að opna aftur fyrr en í fyrsta lagi í haust.“

„Við höfum það ágætt. Sumarið er rólegasti tíminn hjá okkur þannig að þetta kemur svo sem niður á skásta tímanum upp á reksturinn. Ég er bjartsýnismanneskja en ég sé ekki möguleika á að opna aftur fyrr en í fyrsta lagi í haust,“ segir Herdís Hrönn sem vonar að Íslendingarnir hræðist ekki að sækja barina þegar þeim verður aftur hleypt til Tenerife.

„Við vorum sem betur fer að klára okkar besta rekstrarár og þökkum vel fyrir það. Fyrir vikið höfum við það mikið í bakpokanum að við náum að lifa þetta af. Það er fullt af föstum kostnaði sem borga þarf. Við söknum Íslendinganna mjög enda stærsti kúnnahópurinn okkar og því er tilgangslítið að opna fyrr en þeir koma aftur. Óvissan um hvenær þeir koma er hins vegar erfið en það er alveg klárt að við ætlum ekkert að hætta.“

Veit ekki hvað tekur við

■ „Ef ég á að vera hreinskilinn þá veit ég bara ekki hvað tekur við. Það verður alveg ferlega súrt ef landinn kemur ekkert til okkar því það mun klárlega ekki hjálpa til,“ segir Jóhann K. Kristjánsson sem rekið hefur hjólaleigu og skoðunarferðafyrirtæki á Tenerife frá því sumarið 2018. Jóhann hefur fram til þessa treyst mikið á viðskipti við íslenska ferðamenn og saknar þeirra mjög. Það sem gæti hjálpað til á árinu, að mati Jóhanns, er nýleg þjónusta fyrirtækisins við að selja miða í ýmsa afþreyingu og mikill vöxtur hefur verið þar, að hans sögn. „Kúnnahópurinn er sífellt að stækka hjá okkur og það er jákvætt að hluti viðskiptavinanna eru erlendir ferðamenn. Núna er staðan bara þannig að maður þarf að hafa fyrirtækið lokað og framhaldið er mjög óljóst. Það er alveg óhætt að segja að við söknum Íslendinganna,“ segir Jóhann. Aðspurður vonast hann til að komast með fjölskylduna til Íslands sem fyrst og ferðast innanlands í sumar. „Við reynum að sjá þetta þannig fyrir okkur að þetta sé ekki búið spil. Fjárfestingin er svo sannarlega gífurleg og maður er ekki tilbúinn til þess að kasta því bara frá sér án þess að þrjóskast eitthvað við.“

Jóhann K. Kristjánsson

Texti / Trausti Hafliðason



Útgöngubann var síðan sett á og þeir fjölmörgu Íslendingar sem búa á Tenerife eru innilokaðir heima hjá sér og bíða spenntir eftir að banninu ljúki.

Íslendinganna sárt saknað

Margar íslenskar fjölskyldur sitja í sárum á Tenerife eftir að allir íslenskir ferðamenn voru reknir af eyjunni í síðasta mánuði. Fjölskyldurnar hafa lífsviðurværi sitt af þjónustu við Íslendinga og bíða spenntar eftir því að þeir fari að streyma aftur til þessa vinsæla viðkomustaðar þjóðarinnar.

Föstudaginn 20. mars fór síðasta vélin með íslenska ferðalanga frá Tenerife til Íslands en þá viku höfðu íslensku ferðaskrifstofurnar skipulagt nokkrar neyðarflugferðir frá eyjunni spænsku í samráði við Neytendastofu og íslensk ferðamálayfirvöld. Spænsk yfirvöld höfðu þá fyrirskipað brottflutning allra ferðamanna frá Tenerife og í kjölfarið lokað fyrir flug með ferðamenn til eyjunnar. Nærri 400 þúsund erlendir ferðamenn þurftu því að stytta dvöl sína og halda til síns heima. Útgöngubann var síðan sett á og þeir fjölmörgu Íslendingar sem búa á Tenerife eru innilokaðir heima hjá sér og bíða spenntir eftir að banninu ljúki. Þeir bíða þó ekki síður spenntir eftir því að íslenskir ferðamenn fjölmenni aftur til eyjunnar blómlegu.

Óvíst með framhaldið

Enn sem komið er hafa íslensku ferðaskrifstofurnar ekki fellt niður flugáætlun sumarsins til Tenerife en nokkrar ferðir voru áætlaðar í viku í allt sumar. Þráinn Vigfússon, framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar Vita, segir öryggi farþeganna ávallt haft í fyrirrúmi og er sannfærður um að Íslendingar muni aftur flykkjast til eyjunnar. „Varðandi þróunina í sumar munum við bíða og sjá hvernig dregið verður úr takmörkunum bæði hérlendis og erlendis. Við lögum okkur að ástandinu og fellum niður þær ferðir sem ekki er raunhæft að hafa í sölu. Við höfum ávallt öryggi okkar farþega í fyrirrúmi og bjóðum öllum okkar farþegum að endurbóka og breyta bókunum sínum án kostnaðar,“ segir Þráinn.

Ég held þegar ástandið lagast og fólk geti farið að ferðast aftur verði komin nokkur uppsöfnuð þörf hjá fólki að komast í sól og hita.



Þráinn Vigfússon, framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar Vita.

„Það hefur gengið ágætlega að bóka veturinn á Tenerife og er nú þegar t.d. uppselt í jóla- og áramótaferðina okkar. Ég held að þegar ástandið lagast og fólk geti farið að ferðast aftur verði komin nokkur uppsöfnuð þörf hjá fólki að komast í sól og hita. Þannig að við erum bjartsýn á framtíðina og að ferðalög verði áfram eitthvað sem fólk lætur eftir sér.“

Tómas Gestsson, framkvæmdastjóri Heimsferða, segir ferðaskrifstofuna í startholunum og beðið sé í ofvæni eftir að hægt verði að hefja flug til Tenerife á nýjan leik.

„Við erum í raun að bíða eftir viðbrögðum stjórnvalda. Upphaflega vorum við að íhuga að byrja í maí, en það mjög ósennilegt að það verði. Núna virðist staðan hérlendis að vera batna mjög mikið, þannig að við erum enn þá að líta til sumarsins en bíðum átekta. Þetta veltur ekki síður á því hvernig hlutirnir þróast á Spáni á næstu dögum og vikum,“ segir Tómas.

Gæti tapað ævisparnaðnum

■ „Þetta er auðvitað mikið sjokk og rosalega erfitt andlega. Ég er hreinlega með allan ævisparnaðinn undir og hef lagt allt mitt í þetta,“ segir Halla Birgisdóttir veitingamaður sem opnaði síðasta sumar veitingastaðinn Bambú fyrir Íslendinga á Tenerife. Halla óttast að fá til sín fáa sem enga Íslendinga það sem eftir lifir ársins.

„Mér finnst hræðilegt að vera nýbúin að stofna fyrirtæki og þetta er gríðarleg fjárfesting. Það hefur tekið mikinn tíma og tekið mikið á að koma staðnum af stað. Ég var mjög sátt við viðtökurnar og það var bjart fram undan. Síðan kom bara þessi skellur og óvissan er mjög óþægileg,“ segir Halla og óttast að þurfa að fara aftur á byrjunarreit þegar ferðaþjónustan fer af stað á eyjunni á nýjan leik. „Ég sakna Íslendinganna verulega mikið og mér hefur fundist ofboðslega gaman að vinna við þetta. Nú veit ég ekki hvort ég þurfi að byrja allt upp á nýtt við að koma staðnum á flug eða jafnvel að finna upp alveg nýtt konsept fyrir annan kúnnahóp. Við tilhugsunina fæ ég hroll niður hrygginn en ég er engu að síður reynslunni ríkari eftir þetta. Ég mun aldrei skella í lás, uppgjöf er ekki í boði og ég skal ekki horfa upp á bátinn minn sökkva.“



Halla Birgisdóttir veitingamaður opnaði veitingastaðinn Bambú. fyrir Íslendinga á Tenerife síðasta sumar.





Fyrir og eftir útgöngubann.

Sturtuklefi



Fast-fix sturtuklefi
með smellukerfi
engar skrúfur,
ekkert sílikon.

79.900
Verðdæmi stærð 80x80

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 14
Ármúla 31 - Sími 588 7332 - www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili



KRÚSKA

KRÚSKUMATUR
TO GO

Kjúklingur og fiskur dagsins á aðeins 1.790 kr.

Allir réttir á matseðli á aðeins 1.590 kr.



GILDIR TIL 1. MAÍ

SUÐURLANDSBRAUT 12
108 REYKJAVÍK • S. 557-5889

Afþreying

KROSSGÁTA



					DRYNJA	LÆRA	FORFAÐIR	MÖLVAÐI		FARVEGUR	STAGL	ÁHLAUP	SKRÁ	TIPL
					NATRÍN-SÚLFAT									
					JARÐEFNI					STEFNUR / HREIN-SKILIÐ					
					KLIÐUR			AF-HENDINGAR / HNAPPUR							
					FÆÐA						SAMNINGUR / JAPLA				
					BRÉF		FRUMEIND / MÆLI-EINING					SKARÐ / RIST			
		LOFT-TEGUND	TVEIR EINS	HYSKI					KVIÐ / DÆLD					AFTURFÖR	SKILJA
VERSLUN						KEYRSLA / DÝRA-HLJÓÐ							HLUTA-FÉLAG / BLÍSTUR		
STEFNA				LÍNA / HERBERGI						FJÖRGAST / RIFA					
SKÓLI			BÁS / LÆR-DÓMUR					LJÓÐUR / FYLGT							
ELSKA					GERVI-TENNUR / FRÆGÐINA						SETT / TÓNLIST				
		FUGL / RUNNI					BLAÐ / FREKJA					DVELJA / SPILDA			
GNÝR						POT / TVEIR EINS			SKORÐUÐU / STAMPUR						SJÓNAR-MIÐ
MJÖÐUR			SLEIT / HRÆÐSLA					DANGL / DOÐI					KOMAST / BÆRU AÐ		
SKORDÝR				FLÍK / HJÓR						FÚSK / SEYTLA				LÖGG	
NAFN-BÆTUR						SLÆMA / Í RÖÐ					GLAÐVÆRÐ / RÓMVERSK TALA				
FUGL							EKKI					STRAND			
SNÚRA					HRESS				ÁRATALA						

Létt

5		3		1			6	
		7	9					
4						7	3	1
			3				7	6
			4		2			
2	9				1			
7	8	5						9
					7	6		
	4			9		3		7

Miðlungs

	3			5	4		6	8
		8	1					
5			2		3		7	
	7		4					5
		9				7		
1					6		4	
	9		5		2			7
					8	3		
3	8		6	4			5	

Erfið

				4		9		
	1			9	2			8
	4		5					3
		3						4
	6	2				5	8	
4						3		
5					7		1	
3			8	5			7	
		4		2				

Kannaðu þekkingu þína á mannlif.is

Í fréttum á heimasíðu Mannlífs er að finna svörin við þessum spurningum.



1

Hvað heitir unnusta Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands?



2



3

Þórhildur Þorleifsdóttur leikstýrir sjónvarpsmyndinni Sveinsstykki sem var frumsýnd á RÚV annan í páskum. Hver fer með eina hlutverkið í myndinni?

Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, fagnaði stórafmæli í vikunni. Hvað varð Vigdís gömul? Mynd / EPA



4

Hvað heitir forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða?



5

Leyndur aðdáandi gaf söngkonunni Jóhönnu Guðrúnu Jónsdóttur óvænta gjöf á dögunum? Hvað fékk söngkonan gefins?

Láttu drauminn um nýtt hús verða að veruleika með vandaðri og hagkvæmri byggingu frá Húseiningu

Nú er rétti tíminn til að fara í byggingarframkvæmdir og nýta sér endurgreiðslu á virðisaukaskatti eins og kostur er!



Íslensk hönnun íslensk framleiðsla.

Húseining býður einingahús við verksmiðjudyr með ákominni láréttri álbáru á allar einingar sem sett er á í verksmiðju við bestu aðstæður. Allir REHAU gluggar og hurðir eru komin í einingar ásamt vatnsbrettum. Innifalið í verði er allt þakvirki, þakkantur og þakrennur, steinullareinangrun í útveggjum og þak. ***Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að bera á eða mála.*** Húsin eru fljótreist þar sem einingar eru tilbúnar til reisingar frá verksmiðju og því lánshæf fyrr.



Sól sumarhús 66-111m²
Sól sumarhús eru gæðahús á góðu verði, framleidd samkvæmt íslenskum stöðlum. Öll hús fást afhent á ýmsum byggingarstigum, stærð og innra skipulag í samvinnu við kaupendur. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði.Verönd ekki innifalin.

Verð aðeins 103.000 kr. pr/m² m. vsk



Sól sumarhús 66-111m²
Sól sumarhús eru heilsárshús, útveggir eru byggðir úr styrktarflokkuðu timbri 45x145mm, steinull er 145mm, rakavarnarlag ásamt lagnagrind fyrlgir með. Þakvirki er byggt úr uppteknum kraftsperrum sem eykur lofthæðina til muna. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Verönd ekki innifalin.

Verð aðeins 103.000 kr. pr/m² m. vsk



Klassik einbýlishús 100-400m²
Klassik einbýlishús með láréttri álbáru við verksmiðjudyr er hagkvæmur kostur, flytja má útveggjaeiningarnar á traustum vagni frá verkmiðju á byggingastað sem við lánum okkar kaupendum. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Lofthæð allra Klassik húsanna er 2,8m.

Verð aðeins 108.700 kr. pr/m² m. vsk



Funk einbýlishús 100-400m²
Funk húsagerðin er alltaf skemmtilegur kostur, mikil lofthæð sem er yfir 3 metar, einbýlishús við verksmiðjudyr er hagkvæmur kostur. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði.

Verð aðeins 135.800 kr. pr/m² m. vsk

Gluggar og hurðaprófílar koma frá hinu þekkta þýska fyrirtæki REHAU og eru úr PVC. Gluggarnir eru fáanlegir í mörgum litum.

Sökklar: Gerum tilboð í sökkla með öllum lögnum og hita í gólfi samkvæmt teikningu.

Reising: Gerum tilboð í reisingu á húsi á byggingarstað.

Ný lög varðandi virðisaukaskatt, nú skal á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna sem unnin er innan þess tímabils á byggingarstað.

- **Íslensk hönnun og framleiðsla.**
- **TwinWall tveggja þátta húseiningar.**
- **Framleidd samkvæmt staðli úr völdu gæðatimbri C 18-24.**
- **Hús með mikilli loftun í öllu burðarvirki sem tryggir gæði og endingu.**
- **Timburhús eru heilnæmur íverustaður.**
- **Sterkari hús.**
- **Lofthæð húsanna inni er 2,8 metrar.**
- **Þýskir gluggar og hurðir úr PVC, lágmarks viðhald.**
- **Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að mála.**

HANNAÐ OG BYGGT FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Twin Wall

HÚSEINING

Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is sala@huseining.is

Frödinge
SMÅLAND 1929

Njóttu þess að slaka á ...

Kladdkakan frá Frödinge er syndsamlega góður eftirréttur án fyrirhafnar!



Uppskrift/Folda Guðlaugsdóttir Stílisti/Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir Mynd/Hákon Davíð Björnssdon

g

Gestgjafinn

HOLLT OG GOTT

Sælkerasalat í sóttkví

Erfitt getur verið fyrir suma að vera innilokaðir í sóttkví núna þegar vor er í lofti. En þá er tilvalið að reyna að fá vorið í gegnum matinn. Hér er dásamlega bragðgott og frískandi salat sem gefur ekkert eftir þegar kemur að næringu og hollustu. Hráefnið er eflaust til í mörgum ísskápum og því ekki endilega þörf á að fara og kaupa inn og svo má líka alltaf nota ímyndunaraflið og nota það hráefni sem til er á heimlinu. Frábært salat að borða úti á skjólgóðum svölum, kannski með teppi yfir sér, á góðum degi.



Frábært salat að borða úti á skjólgóðum svölum, kannski með teppi yfir sér, á góðum degi.

Pastasalat með linsoðnu eggi og beikoni

fyrir 4



Sósa

120 ml grísk jógúrt
120 ml majónes
2 msk. hvítvínsedik
1 msk. saxaður graslaukur
1 msk. söxuð steinselja
1 tsk. hvítlauksduft
1 tsk. sjávarsalt
1 tsk. nýmalaður svartur pipar

Salat

4 egg
450 g pastaskeljar
1 msk. ólífuolía
400 g beikon
250 g kirsuberjatómatar, skornir í tvennt
2 hnefafyllir klettasalat
2 hnefafyllir romain-salat eða ísbergsalat, rifið gróflega niður
1 avókadó, skorið í bita
½ rauðlaukur, skorinn í þunnar sneiðar

Blandið öllu hráefninu saman fyrir sósuna og setjið til hliðar. Setjið egg í pott og látið vatn fljóta yfir. Komið suðu upp á vatninu og takið síðan pottinn af hellunni. Látið eggin standa í 5 mín. í pottinum og hellið vatninu frá. Látið því næst kalt vatn renna yfir eggin þar til þau hafa alveg kólnað. Takið skurnina af eggjunum, skerið þau í tvennt og setjið til hliðar. Sjóðið pastað samkvæmt leiðbeiningum á pakkanum, sigtið vatnið frá og setjið í stóra skál, hellið 1 msk. af ólífuolíu yfir pastað. Steikið beikonið á þurri pönnu á báðum hliðum þar til það er stökkt, látið beikonið á eldhúspappír og setjið til hliðar. Blandið restinni af hráefninu saman við pastað í stóru skálinni. Blandið svolítilli sósu saman við og setjið á stórt fat. Dreifið eggjum og beikoni yfir salatið, malið örlítið af svörtum pipar og sjávarsalti yfir eggin og berið fram með restinni af sósunni.

> ***Hráefnið er eflaust til í mörgum ísskápum og því ekki endilega þörf á að fara og kaupa inn og svo má líka alltaf nota ímyndunaraflið.***

Tómatafróðleikur

Mynd/ Rakel Ósk Sigurðardóttir Texti/ Guðrún Hrund



Fróðleikur um tómat eða gulleplið eins og hann er stundum kallaður

Tómaturinn (Solanum lycopersicum) er upprunninn í Mexíkó og Mið-Ameríku en fyrstu íslensku tómatarnir voru ræktaðir að Reykjum í Mosfellssveit árið 1913. Tómatar eru misjafnir eftir tegundum að lit, lögun, stærð og bragði. Í dag er hægt að fá nokkur afbrigði, fyrir utan þennan hefðbundna sem flestir þekkja, t.d. plómutómata, kirsuberjatómata, bufftómata og konfekttómata. Tómatar innihalda mikið af C-vítamíni, fólinsýru og A-vítamíni og þeir eru mjög trefjaríkir. Mest af vítamínunum er í safanum. Litarefnið í tómötum, lýkópeni, er talið veita vörn gegn blöðruhálskrabbameini en rannsóknir sýna að í þeim löndum sem neysla tómata er mikil eins og t.d. í Miðjarðarhaflöndunum eru líkurnar minni á að fá sjúkdóminn en annars staðar. Til að auka lýkópenmagn tómatsins er mikilvægt að borða þá eldaða, t.d. í sósum. Tómata á ekki að geyma í kæli því þá verða þeir fyrr linir en ella.

VILTU HRÖKKVA Í GÍRINN?

Enginn viðbættur sykur, ekkert ger.



Þeir sem hugsa um hollustuna velja BURGER hrökkbrauð. Í því er enginn viðbættur sykur og ekkert ger. Það er líka einstaklega bragðgott! Það er engin tilviljun að BURGER er mest selda hrökkbrauðið á Íslandi.









BURGER

HUGSAÐU UM HOLLUSTUNA!

Litur getur gjörbreytt rými

Nú er um að gera að nýta tækifærið í allri þessari inniveru og dytta að heimilinu. Margir hafa nýtt samkomubannið til góðra verka, eins og að þrífa, taka til, já, og mála, en þeim sem vilja vera með puttann á púlsinum í þeim efnum er bent á að heitasti liturinn um þessar mundir er klassískur blár.

Litur ársins samkvæmt litafyrirtækinu Pantone er klassískur blár, en hann verður áberandi á árinu bæði í innanhússhönnun, fatnaði og farða en það hefur sýnt sig að sterk tenging er á milli tísku og innanhússhönnunar.

Samkvæmt vefsíðu Pantone er þessi litur meðal annars sagður vera djúpur, nútímalegur, glæsilegur og einfaldur í senn, auk þess sem hann á að vera tákn fyrir sjálfstraust, áræðni og tryggð. Þá þykir hann falla vel að öðrum litatónum og geta gjörbreytt rými.





Neonskilti hafa verið að ryðja sér til rúms að undanförnu en rekja má þá aftur til 80's-tímabilsins.



LÝSING & HÖNNUN
WWW.LYSINGOGHONNUN.IS

Hönnun

Fágað
frá Menu



■ **Androgyne-sófaborðið** er nýtt úr smiðju danska fyrirtækisins Menu, hannað af norska arkitektinum og hönnuðinum **Danielle Siggerud**. Borðið var upphaflega gert fyrir Menu Space-kaffihúsið en fór fljótlega á almennan markað. Borðið er með marmaraplötu og stálfótum og einstaklega fagurt á að líta. Það stendur sem skúlptúr og hentar í hinum ýmsu rýmum og varpar fallegum skuggamyndum. Nútímalegt, hrátt og fágað.



Handgerð ilmkerti í keramikglösum

■ Ilmkertin eru handunnin, vegan og gerð úr náttúrulegu soya og kókosvaxi. Eitt þeirra er unnið út frá innblæstri sem hönnuðirnir fengu á ferð sinni um Ísland. Þar er blandað saman steinefnum, dalalilju og ilmi af söltuðu vatni. Kertin koma í keramikglösum með loki og eru þau handgerð í Portúgal en tilvalið er að endurnýta glösin þegar kertin klárast. **Þau fást í Stefánsbúð/p3 við Laugaveg 7**.

LIND FASTEIGNASALA

510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



– FÁÐU MEIRA

Allir kaupendur og seljendur hjá Lind fasteignasölu

fá **VILDARKORT LINDAR**

sem veitir **30% AFSLÁTT**

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:

S:HELGASON

Flügger litir

Betra BAK
LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

ÍSLEIFUR JÓNSSON

DORMA

HÚSGAGNA HÖLLIN

Flísabúðin

PARKET & GÓLF
- gerir hús að heimili

Fáðu framúrskarandi þjónustu og skráðu eignina þína á FASTLIND.is



LIND Fasteignasala
Uppspretta ánægjulegra viðskipta

ÞEKKING OG REYNSLA · www.frittverdmat.is · www.nyjaribudir.is

Texti / Friðrika Benónýsdóttir

Innlent
SAMFÉLAG

Kórónuveiran og afleiðingar hennar kalla fram það besta í fólki

Á þessum dimmu tímum heimsfaraldurs vegna kórónuveirunnar sem veldur COVID-19 hafa margir haft á orði að ástandið hafi kallað fram náungakærleika og samhug sem sjaldgæft sé að finna fyrir á góðum tímum. Söngkonurnar Aldís Fjóla, Jóhanna Guðrún og Regína Ósk hafa allar fundið þennan samhug á eigin skinni og deila reynslu sinni með lesendum Mannlífs.

Á ekki orð til að lýsa þakklæti sínu

Regína Ósk söngkona greindist með Covid-19 fyrir tæpum tveimur vikum og hefur síðan verið í einangrun í einu herbergi heima hjá sér og öll fjölskyldan, eiginmaður og þrjú börn, í sóttkví á efri hæðinni. Hún segir ótrúlegan samhug ríkja hjá fólki í kringum veikindin, kveðjunum rigni yfir hana og allir séu boðnir og búnir að aðstoða eins og þeir mögulega geta.

„Ég byrjaði að halda vídeódagbók fyrir sjálfa mig eftir að ég greindist," útskýrir Regína Ósk. „Mig langaði bara að muna þetta tímabil. Svo ákvað ég að opna á dagbókina í stories á Instagram og þá byrjuðu alls kyns kveðjur og boð um ýmislegt að raðast inn hjá mér frá alls konar fólki og mér fannst alveg ótrúlega gaman að sjá samhuginn. Þar fyrir utan sér fjölskyldan náttúrlega vel um mig og þau gera allt fyrir mig."

Regína Ósk segir yndislegt að fá allar þessar kveðjur, það sé ótrúlegt að finna hversu margir séu að hugsa til hennar í veikindunum. Fólk hafi líka skilið góðar gjafir eftir handa fjölskyldunni á tröppunum, eini gallinn sé sá að ef það er eitthvað matarkyns geti hún ekki notið þess því hún hafi hvorki fundið bragð né lykt síðan hún veiktist.

„Ég hef fengið alls kyns kræsingar frá ættingjum og vinum en ég bara finn ekkert bragð af þeim," segir hún og hlær. „Ég bað meira að segja um hafragraut í páskamatinn, því það er ekkert gaman að borða góðan mat ef maður finnur ekki bragð af honum."

Þar sem öll fjölskyldan er í sóttkví þarf hún að reiða sig á hjálpsemi ættingja og vina til að fara í búð og apótek og svo framvegis. Regína Ósk segist reyna að dreifa álaginu á milli fólksins í sínum innsta hring sem hafi tekið því ótrúlega vel, allir séu boðnir og búnir að hjálpa.

„Það biðja meira að segja fleiri um að fá að hjálpa okkur heldur en við þurfum á að halda," segir hún. „Það er gott að finna kærleikann en ég er ekki vön að biðja um hjálp, það er erfitt skref að stíga, og finnst erfitt að vera svona bjargarlaus. Ég á því stóra skuld að gjalda þegar mér batnar og er svo sannarlega boðin og búin til þess. Það er svo gaman þegar samfélagið sameinast svona. Það eru engar spurningar, fólk bara hjálpar hvert öðru."



Regína Ósk segir ótrúlegan samhug ríkja hjá fólki í kringum veikindin, kveðjunum rigni yfir hana og allir séu boðnir og búnir að aðstoða eins og þeir mögulega geta.

Mynd / Ernir Eyjólfsson



Aldís Fjóla Borgfjörð Ásgeirsdóttir segist sakna þess ógurlega að geta ekki knúsað vini sína þessar vikurnar. Til þess að sýna þeim væntumþykju sína og þakklæti sendi hún matarkörfu með bröns á þrjú heimili í Reykjavík annan í páskum, þrátt fyrir að vera sjálf stödd á Borgarfirði eystri, þar sem hún býr sig undir sauðburð.

Mynd / Ingibjörg Torfadóttir

Sendi vinunum matarknús

Ég sendi nokkrum vinum mínum, sem hafa komið mér í gegnum þessar vikur, bröns," útskýrir Aldís Fjóla. „Það er svolítið erfitt að vera einhleypur í þessu snertingabanni og þessir vinir mínir hafa verið duglegir að fara með mér út að ganga, innan vissra marka, og hringja í mig og peppa mig upp við upptökurnar á plötunni sem ég var að klára, þótt ég væri alveg orðin vonlaus um að hún gæti klárast."

Ofboðslega erfitt að mega ekki knúsa

Aldís Fjóla er frá Borgarfirði eystri og þar býr faðir hennar. Hún hafði alltaf stefnt að því að fara austur til að aðstoða við sauðburðinn í maí, en flýtti þeirri för vegna ástandsins. „Þegar ég var komin hingað austur langaði mig rosalega mikið til að þakka þessum vinum mínum fyrir hjálpina með einhverjum hætti," segir Aldís. „Ég sakna þeirra náttúrlega líka gríðarlega mikið þannig að ég sendi bröns frá Pure Deli á þrjú heimili. Pure Deli stóð sig frábærlega í að hjálpa mér að koma þessu til þeirra og koma þeim á óvart. Það tókst svo sannarlega, öll þrjú heimilin héldu að þetta væri einhver sem hefði ruglast á heimilisföngum, sem mér fannst mjög fyndið. Þau fóru eiginlega öll í panikástand yfir þessari matarsendingu. En það fylgdi miði með páskakveðju frá mér í pakkanum þannig að þetta skýrðist nú allt saman. Ég sat hérna hinum megin á landinu og fékk skilaboð með þökkum þannig að ætlunarverkið tókst; að koma þeim á óvart og gefa þeim góðan mat að borða annan í páskum."

Aldís segir að hún hafi ákveðið að fara þessa leið til að „knúsa" vini sína, vegna þess að henni finnist bröns góður og vinirnir æðislegir.„Það hefur verið mjög skrýtið að geta ekki hist yfir kaffibolla öll saman," segir hún. „Þannig að ég brá á þetta ráð þangað til við getum hist og knúsast. Ég á mjög erfitt með þetta knús- og kossaleysi, svo ég minnist nú aftur á að ég sé einhleyp," bætir hún við og skellihlær. „Að hafa ekki snert aðra manneskju í sex vikur er mjög erfitt fyrir mig þar sem ég er mjög knúsfengin og finnst ekkert betra en að knúsa vini mína. Þannig að þetta var líka svolítið matarknús fyrir þá sem mig langar mest að geta knúsað."

Þakkir fyrir að halda geðheilsunni við

Platan sem Aldís Fjóla var að klára kemur út í júní, að öllu óbreyttu, en önnur plön vorsins hjá henni eru í dálitlu uppnámi. „Ég á að vera að útskrifast úr tveimur skólum í júní, en það gerist víst ekki," segir hún. „Ég er að læra söngkennarann í Kaupmannahöfn og einnig að læra að verða þerapisti í þerapíunni „Lærðu að elska þig", hjá henni Ósk sem býr á Balí og ég efast stórlega um að hún fari að koma frá Balí eða ég að fara til Kaupmannahafnar í júní, þannig að þetta verða einhvern veginn öðruvísi útskriftir, kannski bara rafrænar útskriftir. Platan kemur hins vegar vonandi til mín í byrjun júní og þá verð ég komin aftur til Reykjavíkur eftir að hafa staðið í sauðburðinum hér allan maí, lömbin koma nefnilega í heiminn hvað sem Covid-19 líður."

Aldís Fjóla safnaði fyrir útgáfu plötunnar á Karolina Fund og söfnuninni lauk í vikunni með glæsilegum árangri.

„Það söfnuðust hundrað og tuttugu prósent af því sem ég stefndi að," segir hún himinlifandi. „Þannig að ég hef mikið til að vera þakklát fyrir í dag og þess vegna fór ég nú út í það að senda mínum uppáhaldsmönnum þennan bröns, til að þakka þeim fyrir að halda mér við fulla geðheilsu í gegnum ferlið. Þeir áttu það svo sannarlega skilið og svo fá þeir bara risaknús og kossa þegar það verður aftur leyfilegt."

Probi® Járn - fyrir aukna upptöku járns og til að viðhalda góðum járngildum



Probi® Járn
- Probi® mjólkursýrugerlar
- járn
- C-vítamín
- fólasín

Probi® Járn er milt í maga og hentar einnig á meðgöngu

abel heilsuvörur
www.abelheilsuvorur.is

„Takk fyrir mig, elsku hver sem þú ert"

Söngkonan vinsæla Jóhanna Guðrún rak heldur betur upp stór augu þegar hún kom heim úr gönguferð með fjölskyldunni á laugardaginn fyrir páska. Á hurðarhúni útidyranna hékk poki sem í var glæsilegur kjóll og meðfylgjandi var bréf þar sem leyndur aðdáandi segir Jóhönnu Guðrúnu að hún megi eiga kjólinn. Jóhanna var ekki lengi að drífa sig í þennan stórglæsilega bleika kjól og smella af sjálfu sem hún birti á Facebbok-síðu sinni ásamt bréfinu frá aðdáandanum.

Í bréfinu segist aðdáandinn leynilegi hafa mætt á tónleika hjá Jóhönnu Guðrúnu og eiginmanni hennar, Davíð Sigurgeirssyni, árið 2018 og dáðst að því hve fallegur kjóllinn sem Jóhanna klæddist á tónleikunum væri. Hún – það er að segja aðdáandinn – hafi verið að flytja og fundið þennan bleika kjól í fataskápnum og þá strax orðið hugsað til Jóhönnu Guðrúnar.



Jóhanna Guðrún er heldur betur ánægð með gjöfina. Mynd / Hákon Davíð Björnsson

„Vonandi geturðu notað hann," segir aðdáandinn að lokum og undirskriftin er bara „Kveðja frá leyndum aðdáanda."

Jóhanna Guðrún er heldur betur ánægð með gjöfina og kjóllinn fer henni sérlega vel eins og myndin sýnir. „Takk fyrir mig, elsku hver sem þú ert," skrifar söngkonan á Facebook, himinlifandi með nýja kjólinn.

Færslan hefur vakið mikla gleði fylgjenda Jóhönnu Guðrúnar á Facebook, tæplega þrjú hundruð manns hafa líkað við færsluna og margir skilja eftir komment þar sem þeir dást að hugulsemi aðdáandans og því hvað kjóllinn fari söngkonunni vel.





AFMÆLI
H VERSLUN.IS
20-50% AFSLÁTTUR
14.-20. APRÍL

VERSLUN.IS

FRÍ HEIMSENDING TIL AÐ TRYGGJA ÖRYGGI OKKAR ALLRA OG MINNKA SMITHÆTTU VERÐA ALLAR PANTANIR SENDAR HEIM
AFSLÁTTUR GILDIR AÐEINS Í VEFVERSLUN

Texti / Sigrún Guðjohnsen Mynd / Hilmar Búi Sigvaldason

Albumm
TÓNLIST

Rokkið góð vítamínsprauta á tímum kórónuveirunnar

***Sigvaldi Jónsson**, eða **Valli Dordingull,** hefur lengi verið viðloðandi rokksenuna á Íslandi en hann á og rekur vefmiðilinn Dordingul sem hefur frá árinu 1999 fjallað um þungarokk og harðkjarnatónlist. Hann segir íslenskt rokk hafa tekið miklum breytingum á þessum tíma.*

Ég hafði verið að grúska í vefsíðugerð í smátíma og hafði hannað tvær hljómsveitasíður, annars vegar fyrir Sigur Rós og hins vegar fyrir Spitsign og fór að átta mig á því að það vantaði allar upplýsingar um sveitirnar sem voru starfandi, um tónleikana sem voru í gangi og í rauninni bara allt sem tengdist íslensku rokki," segir Valli, spurður hvað hafi orðið til þess að hann fór af stað með hina goðsagnakenndu vefsíðu dordingull.is, sem hefur fært landsmönnum fréttir úr heimi harðkjarnatónlistar og þungarokks frá árinu 1999.

Spurður hvort íslenska rokksenan hafi breyst mikið á þessum tíma svarar Valdi að hún hafa farið í gegnum alls konar tímabil. „Það hafa verið mörg áhugaverð tímabil, pönkið, dauðarokkið, gruggið, hardcore-ið, svartmálmur og inn á milli mikið af góðu efni sem er ekki beint hægt að flokka í tímabil," segir hann og játar að Harðkjarnatímabilið frá 1997 til 2007 sé í mestu uppáhaldi, það hafi verið afar fjölbreytt og skemmtilegt.



Sigvaldi Jónsson fór af stað með vefsíðuna dordingull.is árið 1999 og hélt á tímabili úti heimasíðunum Harðkjarni og Tafla sem var m.a. umræðuvettvangur fyrir íslenskt tónlistarfólk og viðburðadagatal í tónlist.

bara hvað sem er. Við reynum að fá nýjar hljómsveitir til að senda okkur „demo" eða mæta upp í stúdíó 12 í upptökur," lýsir hann og segir að það sé ótrúlega gaman að fá efni bæði frá ungu tónlistarfólki og reyndu.

hún fer aftur í gang á næstu vikum og þegar það gerist þá væri gaman að geta skellt gömlum upptökum á Netið. Ég á mikið af efni sem væri gaman að deila með landsmönnum. Á svona tímum þarf fólk á léttleika að halda til að dreifa huganum og halda andlegri heilsu í lagi. Þar kemur rokkið sterkt inn."

„Á svona tímum þarf fólk á léttleika að halda til að dreifa huganum og halda andlegri heilsu í lagi. Þar kemur rokkið sterkt inn."

Þá segir hann líka áhugavert að sjá hvaða áhrif Netið hafi í tónlist. „Fyrir tilstuðlan þess er aðgengi að tónlist til dæmis orðið svo miklu meira en það var," segir hann, „og þar af leiðandi á fólk miklu auðveldara með að þróa eigin tónlistarsmekk, án þess að vera að spá í hvað aðrir séu að hlusta á. Netið hefur opnað nýjar víddir í tónlist."

Þúsundaþjalasmiður

Samhliða því að halda úti dordingull.is og samnefndum útvarpsþætti stýrir Valdi þættinum Skúrinn á Rás 2, ásamt Atla Má Steinarssyni. Hann segir varla hægt að hugsa sér tvo ólíkari útvarpsþætti. „Á meðan Dordingull einblínir á rokk í þyngri kanntinum þá fjallar Skúrinn um alla aðra tónlist, rapp, rokk, hip hop, raftónlist,

En krefst það ekki mikillar vinnu, skipulags og þolinmæði að vera með tvo útvarpsþætti og halda á sama tíma úti vefsíðu? Sérstaklega þegar maður stendur mestmegnis einn á bak við útgáfuna eins og Valdi hefur gert á Dordingull?

„Jú, maður er alltaf að leita að fólki til að taka þátt í þessu með sér, skrifa fréttir, plötudóma og allt það, það er auðvitað ekkert grín að halda þessu gangandi á meðan maður er einn. Til dæmis er síðan búin að vera í smálægð vegna annarrar vinnu, en



Fékk hugmyndina í „diskó-leigubíl"



Tónlistarkonan **ROKKY** var að senda frá sér myndband við lagið My Lover, en það var tekið upp í Bombay og Nýju Delí á Indlandi. Leikstjórinn og kvikmyndatökukonan Margrét Seema Takyar fékk eitt kvöldið far með leigubíl, sem hún lýsir sem „diskó-leigubíl", og segir að þannig hafi hugmyndin orðið til. „Með hjálp sykursæta aðalleikarans, Raja, sem fékk fullt af ást, hundanammi og hvíld, fæddist þetta myndband," segir ROKKY. Hér er á ferðinni skemmtilegt myndband við frábært lag, sem Albumm mælir heilshugar með. Hægt er að nálgast það á Albumm.is.

Bjóða fólki inn í spennandi þrívíddarheim





Tvíeykið Edition# var að senda frá sér nýtt hljóðverk sem nefnist „Spaces". Frakkinn Yann Coppier og Rúnar Magnússon eru mennirnir á bak við Edition# og er þetta þriðja verkið sem þeir senda frá sér.

Að þeirra sögn endurskapar verkið hljóðinnsetningu þeirra Edition#1 – a soft fall, sem sýnd var í nokkra mánuði í gamla vatnsturninum Brønshøj Vandtårn í Kaupamannahöfn á síðasta ári. Hafa þeir endurskapað turninn og hljóðinnsetninguna og bjóða nú fólki að koma inn í turninn í þrívíddarheimum til að upplifa útvíkkaða útgáfu af verkinu. Þeir segja að þetta sé fullkomið fyrir þá sem sitja fastir heima í samkomubanni. Hægt sé að hlaða þrívíddarheiminum frítt niður fyrir Mac og PC á Edition.is.

Tvær gleymdar og hálfpartinn týndar upptökur

Hljómsveitin JJ Soul Band sem starfaði á árunum 1994 til 2009 sendi á dögunum frá sér litla EP-plötu með tveimur „nýjum gömlum" lögum, ellefu árum eftir að sveitin lagði upp laupana. Að sögn sveitarinnar fundust „tvær gleymdar og hálfpartinn týndar upptökur" með JJ Soul Band í fyrra. Lögin hafi líklega ekki passað á síðustu plötu sveitarinnar, Bright Lights frá árinu 2008, þar sem hvorugt þeirra fellur nákvæmlega undir blúsinn, djassinn og fönkið sem hún hljóðritaði mest af. Umrædd lög flokkist undir popp/rokk og séu svolítið gamaldags eins og hæfir gamalli „dauðri" hljómsveit.

Ingvi Þór Kormáksson sem stofnaði hljómsveitina á sínum tíma ásamt John Soul vann að útgáfu plötunnar í samvinnu við hljóðmeistarann Birgi Jóhann Birgisson.

Annað laganna, Wild About You, mun koma út á safnplötu frá stóru alþjóðlegu útgáfufyrirtæki í sumar.



Ari Árelíus mælir með



Ari Árelíus er fjölhæfur og afkastamikill tónlistarmaður sem hefur komið víða við á ferlinum. Á síðasta ári sendi Ari frá sér lagið Silki sem er gítardrifinn brass- og electro-bræðingur sem er m.a. undir áhrifum frá tilraunarokktónlist. Árið áður sendi kappinn frá sér plötuna Emperor Nothing sem fékk frábærar viðtökur og góða spilun á öldum ljósvakans. Ari er iðinn og hefur ekki setið auðum höndum í samkomubanni, þar sem hann hefur verið að deila nýjum frumsömdum lögum á Instagram, innblásnum af þeim skrítnu tímum sem við lifum á, en hægt er að finna hann á Instagram undir ariarelius.

Fimm plötur sem eru í mestu uppáhaldi hjá Ara, en hann segist helst fíla sækadelíska sálartónlist með raftónlistarívafi.



Air – Moon Safari



D'angelo – Voodoo



Khruangbin – Con Todo El Mundo



Skúli Sverrisson & Óskar Guðjónsson - The Box Tree



Gil Scott-Heron – Piece of Man

SVO MIKLU, MIKLU MEIRA Á ALBUMM.IS
Tónlist / Menning / Viðburðir / TV

ENGINN SENDINGARKOSTNAÐUR

Ef þú pantar á faeturtoga.is fyrir klukkan 14.00
færðu vörurnar sendar heim samdægurs.



HYPERICE
Hypervolt
nuddbyssur



BROOKS Ghost Gtx
Vatnsheldir



BROOKS
Íþróttafatnaður
íþróttatoppar



Feetures!
Hlaupasokkar
þrýstisokkar



BROOKS Cascadia Gtx
Vatnsheldir



YOURBOOTS
Þrýstistígvél

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM Á NETINU OG Í VERSLUNUM

RYDERS EYEWEAR
Sportgleraugu
uthald.is





uthald.is
COMPRESSPORT
Hlaupafatnaður
hlaupabúnaður



BROOKS Glycerin



BROOKS Trancend

FUSION
Hlaupafatnaður
útivistarfatnaður





OOFOS
feel the OO
Heilsusandalar

EDITORS' CHOICE RUNNER'S WORLD
Brooks eru margverðlaunaðir hlaupaskór ár eftir ár

FÆTUR TOGA

LEIÐIN TIL ÁRANGURS

20% AFSLÁTTUR ÚT APRÍL

Bæjarlind 4 | Kringlan 3. hæð | Sími: 5577100 | faeturtoga.is | uthald.is

Texti / Ragna Gestsdóttir

Texti / Ragna Gestsdóttir Myndir / Facebook og Instagram



Ásdís Rán Gunnarsdóttir ísdrottning flutti til Sofiu í Búlgaríu fyrr á árinu, eins og Séð og Heyrt greindi frá. Barnsfaðir hennar, Garðar Gunnlaugsson, flutti til Ítalíu með sína fjölskyldu og samgöngurnar betri á milli, auk þess sem Ásdísi Rán líkar lífið og hitinn vel í Búlgaríu.

Og núna er kærasti hennar, Jóhann Wium athafnamaður, fluttur út líka. Hann rekur fyrirtækið Sprell.is, sem leigir út hoppukastala og fleiri slík tæki. Parið naut páskanna saman og birti skemmtilega mynd á Instagram í 19 stiga hita.

Mynd / Instagram



Mynd / Leifur Wilberg Orrason

Heimaleikfimi í hlaðvarpi

Margrét Erla Maack, dansari með meiru, er nú byrjuð með hlaðvarpið Fimivarpið á Storytel. Um er að ræða heimaleikfimi á hlaðvarpsformi! „Ég hef undanfarið verið að gera tilraunir með Fimivarpið; dansleikfimi, fókus-, styrktar- og jafnvægisæfingar," segir Margrét og þegar eru sjö þættir komnir. Tveir með magadansleikfimi, einn dansleikfimi, einn diskódansleikfimi, einn stuttur fókustími, einn gólfæfingatími og einn með sitjandi leikfimi þar sem Margrét kennir sitjandi steppdans.

Tónelsk ættartengsl



Mynd / Gunnar Gunnarsson

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir hefur vakið athygli fyrir vasklega framgöngu sem einn af þríeykinu í baráttunni gegn kórónuveirunni. Netverjar hafa einnig fengið að sjá aðra hlið á Þórólfi, þar sem hann er söngvari og bassaleikari meðal annars í bítlabandinu Bítilbræður og hljómsveitinni Taktar.



Mynd / logreglan.is

Annar sona Þórólfs er Hafsteinn sem einnig hefur getið sér gott orð í tónlistinni. Hann keppti í úrslitum Söngvakeppninnar árið 2007 með eigin lagi, Þú tryllir mig, og lenti í 2. sæti, söng bakraddir hjá Gretu Salóme árið 2016 og gerði ábreiðu af Ég er eins og ég er fyrir Hinsegin daga árið 2003, svona svo fátt eitt sé nefnt.

Nafnið sem Víðir notar ekki

Víðir Reynisson er nafn sem allir landsmenn þekkja nú orðið, enda mætir hann föðurlegur, ákveðinn og góðlegur, á skjái landsmanna kl. 14 alla daga og mun líklega gera áfram, jafnvel út sumarið. Slagorðið „Hlýðum Víði" kann hvert einasta mannsbarn á Íslandi, og ekki nóg með það, heldur hlýða líka flestir því sem Víðir segir.

Nafnið Víðir er þó millinafn kappans sem heitir fullu nafni Guðmundur Víðir Reynisson. „Hlýðum Gumma" hefði einfaldlega ekki hljómað eins vel og alls ekki heldur „Gerum eins og Gummi."



Mynd / Hallur Karlsson



Birtíngur býður nú áskriftartilboð á öllum sínum tímaritum. Að því tilefni gefum við tveimur heppnum vinapörum mánaðaráskrift að öllum tímaritum okkar: Gestgjafanum, Hús og híbýli og Vikunni.

Farðu inn á Facebook-síðu Séð og Heyrt, taggaðu þann vin sem þú vilt gleðja með þér og ekki gleyma að setja læk við síðuna. Þú mátt tagga eins marga vini og þú vilt, en bara einn í hverja athugasemd. Við drögum fimmtudaginn 23. apríl.

FRÆGIR MEÐ FRÆGUM

Það er alltaf gaman að hitta einhvern frægan einstakling á förnum vegi og fá að smella af mynd með viðkomandi. Oft er um að ræða átrúnaðargoð, uppáhaldsleikara, söngvara, íþróttamann eða því um líkt. Þeir frægu eru ekkert undanskildir hér og oft kemur fyrir að þeir hitti fyrir annan frægari og þá er lag að smella af mynd. **Séð og Heyrt rifjaði upp nokkur slík atvik.**



Halla hitti Bono

Halla Tómasdóttir, forstjóri B Team og fyrrum forsetaframbjóðandi, hitti Bono, söngvara hljómsveitarinnar U2, í mars í fyrra.

„Já þetta gerðist!!! Við ætlum að syngja Party Girl í kvöld," skrifaði Halla á Facebook og deildi mynd af þeim vinunum og bætti við á ensku að lagið væri uppáhaldslag hennar með sveitinni. „Ég er búin að fara á marga tónleika með honum, en þetta var í fyrsta sinn sem ég hitti hann og söng meira að segja með honum afmælissöng fyrir sameiginlegan vin um kvöldið."

Halla bauð sig fram til forseta árið 2016, en laut í lægra haldi fyrir Guðna Th. með næstflest atkvæði, 27,9 prósent. Halla býr nú í Bandaríkjunum ásamt fjölskyldu sinni.





Drekadrengir á forsýningu

Ólafur Darri Ólafsson leikari og **Jón Þór Birgisson** tónlistarmaður (Jónsi í Sigur Rós) eru tvær ástæður þess að skoska stórleikaranum **Gerard Butler** líkar Ísland. Hann mætti hingað galvaskur um áramótin 2018/19, skoðaði höfuðborgina og næsta nágrenni og skellti sér í Laugarásbíó og sá myndina How To Train Your Dragon 3, ásamt Ólafi Darra, Jónsa og leikstjóranum, handrits-höfundinum og framleiðandanum **Dean Deblois**, en allir koma þeir að myndinni.



Edda frumsýndi nýjan kærasta

Edda Björgvinsdóttir leikkona birti myndir af sér á Facebook þar sem gamanleikarinn **Bill Murray** kyssir hana á ennið á einni þeirra. Murray mætti hingað á Listahátíð Reykjavíkur og kom fram á New World-tónleikum í Hörpu. Að sögn Eddu gekk hún að leikaranum og sagði við hann: „Hi, I love you, will you marry me, or should I say Murray me?"



Beta og Deadpool

Elísabet Ronaldsdóttir kvikmyndaklippari greindist með krabbamein þegar hún vann við kvikmyndina Deadpool 2, þar sem **Ryan Reynolds** lék aðalhlutverkið. Svo vel varð þeim til vina að Reynolds ásamt leikstjóra myndarinnar, **David Leitch**, báru hluta af kostnaðinum við krabbameinsmeðferð Betu og fengu hana strax til starfa aftur þegar meðferð lauk. Reynolds gladdi jafnframt Loga, yngsta son Elísabetar, með því að klæða sig í búning og senda honum afmæliskveðju í myndbandsformi.



Goðsagnir úr fótboltaheiminum

Arnór Guðjohnsen, knattspyrnukappi og fyrrum landsliðsmaður, hitti **Lionel Messi** fyrirliða Barcelona og argentínska landsliðsins. „Hitti þennan, gátum bara ekki tekið tveggja metra regluna," segir Arnór á Facebook þegar hann rifjar atvikið upp, en myndinni var smellt af í Barcelona á Spáni fyrir sjö árum.



Sunneva og stórstjarnan J-Lo

Sunneva Einarsdóttir samfélagsmiðlastjarna fór til Las Vegas árið 2018 á vegum Inglot snyrtivörumerkisins. Á veitingastaðnum Planet Hollywood hitti hún stórstjörnuna Jennifer Lopez, en hún hafði hannað snyrtivörulínu í samstarfi við Inglot.

LEGSTEINAR

Í MIKLU ÚRVALI











GRANÍT
STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavik - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is

MANNLÍF | BIRTÍNGUR EHF | ÚTGÁFUFÉLAG | SÍÐUMÚLA 28, 108 REYKJAVÍK | S: 515 5500 | 14. TÖLUBLAÐ 4. ÁRGANGUR | FÖSTUDAGURINN 17. APRÍL 2020 mannlíf.is | Ritstjórn: ritstjorn@birtingur.is

Síðast en ekki síst

Eftir / Stefán Pálsson

Öryggi

Fjögur ár eru stuttur tími en stundum geta fjórir mánuðir verið heil eilífð. Fyrir fjórum árum samþykkti Alþingi þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Hugmyndin hafði upphaflega komið fram í tíð vinstristjórnarinnar eftir hrun og stóð vinnan í á fimmta ár. Verkefnið var heldur ekki lítið: að semja í fyrsta sinn heildstæða stefnu Íslands í þjóðaröryggismálum.

Sjálf stefnan er enginn doðrantur. Þvert á móti er hún skorinorð og sett fram í ellefu punktum. Þegar þeir eru lesnir í dag virðast þeir frá grárri forneskju. Sex til sjö af punktunum ellefu snúast að miklu eða öllu leyti um hernaðarlegar ógnir. Þetta er skjal skrifað af fólki sem er andlega statt í kalda stríðinu og telur að þjóðaröryggi snúist um að fylgjast með rússneskum flugvélum í jaðri lofthelginnar og að skipuleggja heræfingar Nató-sveita með Landhelgisgæslunni. Pólitísku átökin við gerð stefnunnar snerust um að troða þar inn vísunum í annars konar öryggisógnir: farsóttir, tölvuglæpi, fæðuöryggi og umhverfisvá, sem mörgum þótti helber óþarfi.

Eins og þessi þrönga hernaðarlega nálgun hafi ekki mátt vera öllum ljós áður, hafa fyrstu fjórir mánuðir þessa árs undirstrikað skýrt hversu meingölluð og úrelt stefnan er. Árið 2020 hefur fært okkur holskeflu gulra, appelsínugulra og rauðra veðurviðvarana, snjóflóð, jarðskjálftahrinur og vísbendingar um eldvirkni. Alvarlegar spurningar hafa vaknað um orkuöryggi víða um land og heimsfaraldurinn hefur rifið í saumana á heilbrigðiskerfinu og reynt á flest okkar stoðkerfi.

Ef síðustu fjórir mánuðir hafa kennt okkur eitthvað þá er það mikilvægi þess að hafa öflugar stofnanir, viðbragðsáætlanir og skýra stefnu þegar kemur að málum sem varða raunverulegt þjóðaröryggi. Að telja þjóðaröryggi Íslands snúast um byssuleiki Gæslunnar, þjónustu við æfingaflug gestkomandi orrustuþota eða að embættismenn utanríkisráðuneytisins fái að gera sig breiða á Nató-fundum er hlægilegur hégómi. Blessunarlega líður að því að þjóðaröryggisstefnan verði tekin til sinnar fyrstu endurskoðunar og þá gefst vonandi færi á að losna við kalda stríðs drauga frá því fyrir myntbreytingu.







VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

FRÍR FLUTNINGUR* UM ALLT LAND
*NEMA ÚTSÖLUVÖRUR

KYNNTU ÞÉR VÖRUÚRVALIÐ OG VERSLAÐU Í RÓLEGHEITUM Á **SVEFNOGHEILSA.IS**

VEFVERSLUN svefnogheilsa.is

★ GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.

NÝ SENDING AF SÆNGUM
BY BRINKHAUS



ÚRVAL AF **SÓFUM** OG **HVÍLDARSTÓLUM**



PRESTON
Svefnsófi
Verð áður ~~kr. 249.900~~
NÚ AÐEINS KR. 224.910

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM



20-50% AFSLÁTTUR

NÝTT OUTLET
Gerðu frábær kaup

20-50% AFSLÁTTUR

Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

Svefn & heilsa
★★★★★


BALDURSNES 6 – AKUREYRI



LISTHÚSIÐ – REYKJAVÍK


LISTHÚSIÐ – REYKJAVÍK



UM **FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA** SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233 | **BALDURSNESI 6, AKUREYRI** s. 461 1150 | **OPIÐ** virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16
UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstaðir